



Fátækt fólk

Bls. 6

Allir í leikhús

Bls. 8

Fegurðin og orkan

Bls. 28

Komið að fjármálaráðherra

Bls. 18

Með í vinnuna

Bls. 34

MFA hlaut starfsmenntaverðlaun

Bls. 39

ER ALLT STÍFLAÐ?



LÁTTU ÞÉR BATNA MEÐ OTRIVIN NEFÚÐANUM



Otrivin

NEFÚÐI FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA



THORARENSEN Lf

NOVARTIS

Otrivin nefúðir og neflosparir innihalda xylometazólin sem virkur gegn þögu, teiðlu og stremjandi vegna kvæis og bráðar þögu í ernis- og lefnisun. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara 10-15 mín. Otrivin gefur viðtö sukavertunum, s.s. atinga, í stíflahl og vefisferingum. Stöng og flösk og höfuðverk. Stökka blív um hrafar og óregluga hjartslá. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en 10 daga í senn. Verði Langtímanotkun Otrivin gefur leit til þunka í neflinn. Þökkleg með gláu að þú sem heila orsamt þín xylometazólin að komast til þess að þú sést Otrivin. Kynið þú sést höfuðvergi sem fylgja fylgu.

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sætin 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sigríður Ólafsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þóris Andriðsdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sætin 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareik-
ning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511

Rétt ákvörðun 13.des 2001

Það hefur verið að koma betur og betur í ljós á liðnum vikum og mánuðum að það var rétt ákvörðun verkalýðshreyfingarinnar frá í desember s.l., að segja ekki upp kjarasamningum og viðhalda þannig stöðugleika. Verkalýðshreyfingin hefur enn einu sinni sýnt að með samtakamætti sínum og einbeittum vilja getum við haft áhrif á samfélagsþróunina okkur í hag. Og okkur má það öllum vera ljóst að verðbólga og háir vextir eru verstu óvinir almenns launafólks í baráttunni fyrir bættum kjörum. En við látum ekki staðar numið hér. Verkefni okkar framundan eru fjölmörg.

Með undirritun viðræðuáætlunar við Samtök atvinnulífsins og samræmingu á samningstíma við Starfsgreinasambandið höfum við lagt drög að vinnu við kjarasamningsgerð næsta árs. Jafnframt þeirri vinnu þurfum við að beina kastljósi okkar öðrum þáttum í lífskjörum félagsmanna. Hátt matarverð hérlandis á að vera ofarlega í huga okkar, á því þarf að finna skýringar; barátta gegn atvinnuleysi er stöðugt viðfangsefni okkar; og traust velferðarkerfi hvort heldur talað er um heilbrigðiskerfi eða menntakerfi eru grundvallarþættir sem almennt launafólk krefst þess að staðið sé vörð um. Verkalýðshreyfingin á að beita sér á öllum þessum vígstöðvum á komandi misserum.

Við þurfum að vinna áfram með fumlausum og öruggum vinnubrögðum að mótun þess samfélags sem við viljum búa okkur og fjölskyldum okkar.

Fjármálaráðherra standi við sitt

Við gerð samkomulags aðila vinnumarkaðarins 13. desember 2001 var lögð fram yfirlýsing af hálfu fjármálaráðherra, Geirs H. Haarde, þar sem fjallað er um jöfnun réttinda launafólks innan ASÍ við kjör félagsmanna í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir að upp undir ár sé frá því að fjármálaráðherra gaf út yfirlýsinguna hefur ekkert gerst í málinu. Þrátt fyrir fjölda funda ASÍ með embættismönnum og ráðherrum er málið ennþá á byrjunarreit.

Geir H. Haarde, fjármálaráðherra var fullkomlega ljóst hvað sú yfirlýsingin þýddi. Hún var ákveðið fyrirheit um jöfnun réttinda. Ennfremur er skýrt að yfirlýsingin var gefin í tengslum við heildarsamkomulag aðila vinnumarkaðarins um frestun endurskoðunarákvæða kjarasamninga. Launafólkið hefur staðið við sinn hluta af yfirlýsingunni. Það stendur upp á ráðherra að framfylgja því loforði sem hann gaf. Þær tillögur sem lagðar hafa verið fram af hálfu ríkisins á fundum með ASÍ eru í engu samræmi við fyrirheitin sem gefin voru. Geir H. Haarde gaf loforð um framtíðarlausn en embættismenn hafa síðan mætt umboðslausir á fundi með samningamönnum ASÍ. Við þetta verður ekki unað.

Eflingar-stéttarfélag skorar á fjármálaráðherra að standa við yfirlýsinguna frá 13. desember 2001. Ráðherra í ríkisstjórn Íslands verður að standa við yfirlýsingar sem hann gefur samtökum á vinnumarkaði. Hann ber ábyrgð á því að niðurstaða verði í málinu.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Hækkun launa	4	Hef lært margt	25
Um Tryggva Emilsson	6	Heilsusamlegri brauðtertur	30
Allir í leikhús	8	Sterk liðsheild	31
Vel búið að starfsfólki	10	Dóttir með í vinnuna	34
Mjög lærdómsríkt	12	Um Eflingu	36
Námsráðgjöf	14	Nýir landnemar	37
Mikill áhugi á Leonardo	15	Palestína	38
Læknisfræðileg nauðsyn skapar rétt	16	Dúndurball	46
Komið að fjármálaráðherra	18	Létt og skemmtilegt	50
Óvænt áhrif evrunnar	22		

Launabreytingar um áramót

Efling semur við SA um viðræðuáætlun:

Almenn hækkun launa 1. janúar 3,15%



Við höfum fest niður viðræðuáætlun sem gerir ráð fyrir því að samningum verði lokið fyrir árslok 2003, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

Stéttarfélagin innan Flóabandalagsins og Samtök atvinnulífsins hafa samið um viðræðuáætlun fyrir komandi kjarasamninga á næsta ári. Markmið aðila með viðræðuáætlun nú er að færa viðræður til samræmis við tímasetningar annarra kjarasamninga. Samhliða nýrri viðræðuáætlun hafa Samtök atvinnulífsins undirritað yfirlýsingu þar sem almenn launahækkun 1. janúar 2003 verður 2,75% í stað 2,25%. Við það bætist 0,4% á grundvelli samnings SA og ASÍ frá 13. desember 2001 þannig að heildarhækkun almennra launa verður 3,15% um áramótin. Upplýsingar um kauptaxta frá 1. janúar 2003 eru á heimasíðu Eflingar.

„Kostir við þessa leið eru þeir að nú erum við komin í sama tímaramma og Starfsgreinasambandið og tökum sömu viðbótarhækkun og það samdi um í núverandi kjarasamningum. Ásamt þessu höfum við fest niður viðræðuáætlun sem gerir ráð fyrir því að samningum verði lokið fyrir árslok 2003.“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

Samkvæmt gildandi kjarasamningum áttu laun nú um áramót að hækka um 2,25% en með ofangreindu samkomulagi lengist samningur Eflingar fram að áramótum 2003-2004 og hækkunin fer vegna þessa úr 2,25% í 2,75%. Þetta er gert til samræmis við kjarasamninga SA og Starfsgreinasambandsins ásamt því sem

þessi tímamörk eru færð til samræmis við samning Eflingar og ríkisins. Til viðbótar bætast 0,4% á grundvelli samkomulags SA og ASÍ um rautt strik frá desember 2001. Almenn hækkun launa og launatengdraliða verður því 3,15%. Vakinn er sérstök athygli á því að kauptaxtar kjarasamninga taka hækkun umfram almenna launahækkun samkvæmt umsaminni sérhækkun lægri launa. Kaup-taxtana má finna á heimasíðu félagsins.

Samkomulagið um ofangreindar launahækkun er gert í tengslum við undirritun viðræðuáætlunar milli samningsaðila. Markmið hennar er að færa viðræður vegna kjarasamninga Eflingar nær tímasetningum kjarasamninga SA og Starfsgreinasambandsins. Kjaraviðræður skulu samkvæmt viðræðuáætlun hefjast í maí 2003 með undirbúningsfundi og meginmarkmið samningsgerðar verða kynnt í september. Í október 2003 hefjast viðræður um ýmis sérmál og um kaupliði í byrjun nóvember. Miðað er við að ljúka samningsgerð um miðjan desember 2003.

„Ef ekki næst niðurstaða í viðræðum aðila í desember getur hvor aðili um sig vísað málum til ríkissáttasemjara um áramótin 2003-2004, en við vonumst til að vera komnir með samning í hendurnar þá“ sagði Sigurður Bessason, formaður Eflingar að lokum.

Við vonumst til að vera komnir með samning í hendurnar þá



Um Tryggva Emilsson og Fátækt fólk

eftir Hjálmfríði Þórðardóttur

Fátækt fólk er fyrsta bindið í hinu mikla og merka verki Tryggva Emilssonar sem fyrst kom út 1976 og vakti mikla og verðskuldaða athygli. Seinni bindin Baráttan um brauðið kom svo 1977 og Fyrir sunnan 1979. Nú er fyrsta bindið komið út í kilju hjá Skerplu ehf og er það vel. Þetta er bók sem allir eiga að lesa. Stíll Tryggva minnir á íslenska bergvatnsá með tærum straumi og djúpum dökkum hyljum. Hann fjallar hiklaust um böll fátæktarinnar, um grimmdina og fáfræðina og yfirdrepskapinn og jafn auðveldlega heldur hann á penna þegar hann skrifar um það sem honum er hugstætt: Lífið, ástina, vinnuna og íslenska náttúru

sem hann elskar og getur ekki án verið.

Tryggvi gerðist félagi í Verkamannafélaginu Dagsbrún 3. janúar 1947. Þá nýfluttur til Reykjavíkur. 1950 aðeins þremur árum seinna er hann kominn í stjórn Dagsbrúnar og það sýnir vel í hve miklu álitu hann var. Yfirleitt þurftu menn að hafa sýnt þegnskap í mörg ár til að þykja hæfir til stjórnarsetu. Gjaldkeri 1952 og 1953. Varaformaður 1954 til 1960. Ritari Dagsbrúnar 1961 til 1967. Fundargerðarbækur hans bera gott og óbrigðult vitni um málsnilld hans og meðferð á rituðu máli. Ritarastrarfinu sinnti hann í sínum frístundum eins og öðrum félagsstörfum sem of langt mál væri upp að telja. Allt í sjálfboðavinnu. Hann var sæmdur gullmerki Dagsbrúnar og kjörinn heiðursfélagi 1977.

Fátækt fólk var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 1977. Sagt var að einu atkvæði hefði munað en handhafi einu bókmenntaverðlauna sem Dagsbrún veitti var hann og vel að þeim kominn.

Fátækt fólk

Um örlagaþráðinn

Vegna þeirra breytinga sem urðu á heimilisháttum í Bakkaseli í ágústmánuði um sumarið sný ég enn við blaði og vík þessari frásögn til baka um nokkur ár, eða til haustsins 1908. Þá var faðir minn enn í Hamarkoti á Akureyri, móðir mín dáið og börnin öll á burt, hann var

einn eftir. Bærinn, sem áður kvað við af hrópum og köllum, gráti og gleðilátum, var hljóður og helkaldur.

Örvæntingin

Ég sé föður minn fyrir mér þar sem hann gengur út og inn um bæinn, hirðir kindurnar sínar og fer síðan tilgangslausu rölti oná Tanga en hefur sig ekki upp í að biðja um vinnu þar sem hann vann þó löngum áður. Hann er eirðarlaus og hver dagurinn er lengi að líða, á nóttunni lá hann vakandi í rúminu sínu og hugsaði

Braggar við Elliðaár 1952

Það eru tjöld fyrir gluggum og búið að girða af smáreit. Á snúrum blaktir þvottur og börnin leika sér í kring. Í húsnæðisleysi eftirstrísáranna var sæmilegur braggi happafengur og betri kostur en niðurgrafir kjallarar þar sem aldrei sá til sólar.



um dauðann sem tók hana móður mína frá barnahópnum og frá honum sem varð svo ráðafár þegar hún var ekki lengur. Hann barðist við sífelldar sjálfsásakanir á andvökunóttum og hann hugsaði með hryggju hjarta til barnanna sinna sem grétu sig í svefn í húsum vanda-lausra. Viðbrigðin voru svo óvænt og ógnþrungin og hann ásaði sig að láta öll börnin frá sér fara, en hann gat ekkert annað. Örvæntingin var hyldjúp og myrk. Hann sagði mér oft frá þessari baráttu sem næstum reið honum að fullu og frá skammdegi sem aldrei ætlaði að líða.

Eftir áramótin kom Laufey systir mín heim að Hamarkoti úr fóstri frá Espihóli og um það leyti kom vetrarstúlka að hamarkoti sem Elín hét Eiríksdóttir og var til vors. Þennan vetur vann faðir minn enn á Tanganum við og við en hvarf frá Hamarkoti um vorið, flutti dótið sitt í kindakofann sem hann átti þar utantúns, lét Laufeyju frá sér fara og vetrarstúlkuna en fós sjálfur að Steinstöðum í Öxnadal í vinnu-mennsku til Stefáns bónda þar Árnasonar.

Faðir minn var aðeins eitt ár á Steinsstöðum en flutti þá til Akureyrar og fékk inni á Lundargötu 10. Þar var Laufey systir mín með honum og Guðný var ráðskona hjá honum næstu fjögur árin.

Margt fer á annan veg en ætlað er

Á útmánuðum 1914 hugðist faðir minn byrja nýtt líf, hann lét Guðnýju ráðskonu fara, tók á leigu íbúð í bakhúsi á Strandgötu 39 og réði til sín konu sem Pálína hét Magnúsdóttir, ættuð af Langanesi. Vel fór á með þeim Pálínu og föður mínum og var Laufey þar með þeim í heimili.



Stjórn Dagsbrúnar 1954-1958. Frá vinstri: Eðvarð Sigurðsson, Ragnar Gunnarsson, Guðmundur Ásgeirsson, Hannes Stephensen, Tryggvi Emilsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Vilhjálmur Þorsteinsson.

Leið svo sumarið og vetur fram á útmánuði en þá voru uppi ráðagerðir þar í bakhúsinu að hverfa frá eyrarvinnu og hefja búskap með vorinu og gerði faðir minn margar ráðstafanir þar að lútandi, tók á leigu Bakkasel í Öxnadal, smalaði saman börnum sínum og bjó sig á allan hátt undir búskapinn með ungu konunni sem skyldi vera húsmóðir þar í Seli. Um Pálínu er það að segja að hún var 20 árum yngri föður mínum, létt í lund og hög til handa og fýsti mjög búskaparins. En margt fer á annan veg en ætlað er, seint á útmánuðum varð Pálína fyrir því slysi að hún féll fram á eldaveið og skaðbrenndist, sama dag var hún flutt á sjúkrahús og þar lá hún við illa líðan fram á vor.

Daginn eftir að Pálína brenndist kom gamla ráðskonan Guðný aðvífandi og flutti sitt dótinn í íbúðina í bakhúsinu og settist þar upp, eftir það fylgdi hún föður mínum og það var hún sem fór með honum að Bakkaseli. En það er af Pálínu að segja að hún lá lengi í sárum sínum en þar sem hún átti engan að á Akureyri og gekk auk þess með barni föður míns þá kom hann henni fyrir fram á Þelamörk og þar var hún í húsi vandalausra fram yfir barnsburð, en 3. júlí um sumarið ól hún stúlkubarn með þungum þrautum, það var hennar eina barn. Sennilega hefur Pálína séð að henni voru öll sund lokuð, hún átti engan að, var sjálf sjúk eftir brunann og skemmd til lýta og óvíst hvenær hún yrði vinnufær. Barnið varð hún að láta frá sér fara fyrst um sinn. 2. ágúst um sumarið fór skírinn fram í Bægisárkirkju að viðstaddri móðurinni og guðfeðrum og þar var faðir minn til staðar, kominn frá Bakkaseli til að sækja sitt mánaðargamla barn og reiða á hnakknefi heim í dalbotninn, heim til gömlu ráðskonunnar sem manna síst bar hlýhug til Pálínu eða hennar nýfædda barns.

Pálína var raunar ekki ferðafær að kirkjunni en hún vildi vera þar til að gefa barninu nafn og til að kveðja elskhuga sinn í síðasta sinn, það var mjög sár kveðjustund og faðir minn bar lengi hryggð í huga vegna þeirra þungu örloga sem ekki varð á móti blásið. Pálína fór um haustið til Akureyrar, hún lifði til elli ára, giftist ekki og átti ekki önnur börn en hana Emilíu.

Og hann hugsaði með hryggju hjarta til barnanna sinna sem grétu sig í svefn í húsum vanda-lausra



Samstarf Borgarleikhússins og Eflingar

Margir að koma í leikhúsið í fyrsta sinn

-segir Sigrún Valbergsdóttir



Sigrún Valbergisdóttir

Eflingarblaðið ræddi við Sigrúnu Valbergsdóttur, kynningarstjóra leikhússins um samstarf Borgarleikhússins og félagsins og spurði hana m.a. hvernig það hefði komið til að Efling var valin sem samstarfsaðili um afsláttarkjör.

Pegar sú ákvörðun var tekin að bjóða einu stéttarfélagi uppá svona samstarf núna í haust þá var Efling efst á listanum. Það var vegna þess að við töldum að fjöldi fólks í Eflingu væri á lágum launum og við vildum að þetta tilboð kæmi fyrst og fremst þeim til góða þeim sem þurfa að spara við sig jafn sjálfsagðan hlut og leikhúsferð er.

Það er nú einu sinni þannig að grundvallar-hugsjónin í leiklistinni er að hún eigi að vera mannþætandi en sú hugsjón skilar sér illa ef allir þjóðfélagshópar hafa ekki möguleika á því að fara í leikhúsið. Önnur ástæða var, hversu fjölmennt stéttarfélagið er og síðast en ekki síst að við vildum byrja þessa tilraun með traustum samstarfsaðila.

Hvernig finnst þér reynslan af samstarfinu vera?

Reynslan er afar jákvæð. Fólk hringir og pantar miða eða kemur hingað í miðasöluna og tekur fram hversu heppið það sé að hafa lent í þessu úrtaki.

Par sem tilboðið gildir fram í desember hefur fólk skilað sér heldur hægur í byrjun en við áttum von á, en núna tókum við eftir mikilli aukningu. Hið jákvæðasta í þessu sambandi er þó að margir eru að koma hingað í Borgarleikhúsið í fyrsta sinn, sem eru kannske sterkustu rökin fyrir því hvað svona átak stéttarfélags er nauðsynlegt.

Stendur þetta tilboð áfram eftir áramót?

Við erum tilbúin að endurnýja tilboðið og halda áfram þessari frábæru samvinnu við Eflingu.

Eru líkur á að stórir hópar fólks fari ekki í leikhús vegna þess að buddan leyfi það ekki?

Pví miður er það staðreynd að fólk sparar við sig leikhúsfæri þegar þröngt er í búi. Það heyrum við hjá fólkinu sem kemur og segist ekki myndu hafa haft efni á að koma án þessa tilboðs. Eins og allir vita er það bæði menntandi og hressandi að fara á leiksýningar og ætti að vera jafn sjálfsagður hlutur eins og að læra að lesa.

Hjá leikhúsunum er reynt að halda miðaverði í algjöru lágmarki en á hinn bóginn eiga þau að afla mikilla eigin tekna, þannig að það eru ekki gróðasjónarmið á bak við miðaverðið, heldur kallar hagfræðilegar staðreyndir.

Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Við hvetjum Eflingarfélagi sem hafa lent í úrtakinu núna að fylgjast vel með auglýsingadálknum frá Borgarleikhúsinu, daglega í Morgunblaðinu, á miðvikudögum og föstudögum í DV og kanna hvenær sýningarnar lenda á fimmtudögum og sunnudögum. Við reynum að skipta um sýningardaga, þannig að fólk eigi kost á að sjá allt sem er hér í gangi. Svo bendum við sérstaklega á gamansöngleikinn HONK! með Felix og Eddu Heiðrúnu, sem er alltaf á sunnudögum klukkan tvö og er alveg tilvalin fjölskylduskemmtun.

Velkomin í Borgarleikhúsið og góða skemmtun!!!!

Í leikhúsið á verði fyrir þig

Allir í Borgarleikhúsið

Það getur kostað drjúgan skildinginn að fara í leikhús ef miðar eru greiddir á fullu. Þannig getur kostað tæpar fimm þúsund krónur fyrir hjón að fara í leikhúsið og ljóst að margir treysta sér ekki til að fara á leiksýningar á þessum kjörum. Efling-stéttarfélag hefur gert samkomulag við Borgarleikhúsið um afsláttarverð á leikhúsmiðum í vetur. Félagsmönnum Eflingar mun standa til boða að fara í leikhúsið í vetur á þessum góðu kjörum.


Félagsmönnum Eflingar á aldrinum 25-50 ára hafa borist póstkort frá Eflingu þar þeim bjóðast þessi afsláttarkjör á leiksýningar á



fimmtudags- og sunnudagskvöldum í Borgar-
leikhúsinu fram til 10. desember. Gegn fram-
vísun póstkortsins fæst miðinn á kr. 1000.-

Til að ná þessu verði hefur Borgarleikhúsið veitt verulegan afslátt en auk þess greiðir Efling niður verðið til viðbótar.

Það er von stjórnar félagsins að þetta fram-
tak muni verða til þess að örva þá sem ekki
fara í leikhúsið vegna verðsins t.d. barnafólk
o.fl. til að sækja leiksýningar.



HONK!

**LJÓTI
ANDARUNGINN**

Sönguráttur fyrir alla fjölskylduna eftir George Stiles og Anthony Davis

Leikstjórnir: Milla Sagarháðsdóttir

BORGARLEIKHÚSIÐ Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir



Jón og Hólmfríður

– frekar erótískt leikrit í þrem þáttum

eftir Guðni Bergsson, leikstjórnir: Halldóra Geirharðsdóttir

Guðrún Harðardóttir
Halldóra Geirharðsdóttir
Hanna Árnadóttir
Sóley Tindadóttir
Ívar Tólfsson

BORGARLEIKHÚSIÐ Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir



Kryddlegin hjörta

eftir Laura Goodman, leikstjórnir: Milla Sagarháðsdóttir

Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir

BORGARLEIKHÚSIÐ Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir



Sölumaður deyr

eftir Arthur Miller, leikstjórnir: Þorvaldur Pálsson

BORGARLEIKHÚSIÐ Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir: Leikfyrirmyndir

Munið
fjölskylduþilboðið:
Allir í leikhúsið
– enginn heima.

Börn (12 ára og yngri)
fá ókeypis aðgang í fylgd
með foreldrum sínum
á allar sýningar nema
söngleiki, barna- og
unglingaleikrit.

Eitthvað fyrir alla í Borgarleikhúsinu

Miðasala 568 8000

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

Vinnustaðaheimsókn í Málningu



Stefán Viðar Egilsson

Málning flutti alla starfsemi sína í glæsilegt húsnæði í Kópavogi fyrir nokkrum árum og núna vinna Eflingarfélagar þar við framleiðslu

á vörum fyrirtækisins. Fréttablaðið fór í heim-sókn til þeirra um daginn og hitti fyrst Stefán Viðar Egilsson, trúnaðarmann.

Stefán Viðar Egilsson, trúnaðarmaður

Vel búið að starfsfólki

Stefán sagði að hann hefði byrja að vinna á þökkunarvél hjá fyrirtækinu 1993 og hefði síðan komið að ýmum öðrum störfum í málning-arverksmiðjunni til ársins 1996. Þá fór hann í skóla en kom svo aftur til starfa 1999 og fór í gæðaeftirlitið þar sem hann hefur verið síðan.

Hvaða vörur framleiðir málning?

Málningu aðallega til að nota utan og innan-húss og ýmis lökk og bæsa til að breyta viðarlit-um.

Hvernig er búið að starfsfólki hvað varðar að-búnað og vinnuáðstöðu?

Það er vel staðið að þeim málum hjá okkur.

Við höfum aðgang að sameiginlegum matsal fyrir starfsfólkið þar sem hægt er að kaupa sér mat á sanngjörnu verði og svo er kaffistofa fyrir verksmiðjufólkið. Öll hreinlætisaðstaða verður að teljast mjög góð og þar er m.a. hægt að fara í sturtu og svo höfum við búninga-áðstöðu með læstum fataskápum. Vinnutíminn er frá 8 á morgnanna til 4 síðdegis. Það er liðin tíð að fólk þurfi að vinna yfirvinna og til að mæta því að launin séu sambærileg hefur verið gripið til yfirborgana. Ég held að launin hér verði að teljast frekar lág en alveg þokkaleg og þess vegna hafa ekki verið miklar breytingar á mannskapnum í seinni tíð.

Nú ert þú trúnaðarmaður Eflingarfélaga á vinnustaðnum?

Já, ég tók að mér starf trúnaðarmanns fyrir tveim árum og það hefur gengið mjög vel.

Samstarfið við yfirmennina hefur verið mjög gott og þau mál sem upp hafa komið hafa verið leyst án átaka. Núna erum við t.d. í samstarfi um að sækjast eftir að komast í Leonardo-verkefnið með Eflingu og bíðum spennt eftir niðurstöðunni. Ef hún verður jákvæð er hugmyndin að ég fari ásamt tveim öðrum starfsmönnum í viku kynnisferð í sambærilega málningaverksmiðju í Noregi, sagði Stefán að lokum.

Allir mjög hjálpsamir hér - segir Ludmila Moissewa

Ljudmila Moissewa er frá Rússlandi og kom til Íslands fyrir þremur árum ásamt tveimur dætrum sínum til að vera samvistum við eiginmann sinn sem hafði komið hingað ári áður til að vinna.

Hún sagði að sér líkaði mjög vel í vinnuni. Ég byrjaði strax að vinna hjá Málningu þegar ég kom til landsins og það er alltaf jafn gaman í vinnunni. Ég sé m.a. um að prenta límmiða og setja þá á dósir.

Starfsandinn er góður og allir eru mjög hjálpsamir ef einhver vandamál koma upp.

Félagslífið er fjölbreytt. Árshátíð er haldin á hverju ári og svo er farið í óvissuferðir og haldnar grillveisur. Í fyrra fórum við í utanlandsferð til London og á næsta ári er ætlunin að fara til Amsterdam. Ég reyni að taka þátt í þessu öllu sagði Ljudmilla að lokum og hló dillandi hlátri.

Tri Adhi Sugiharto

Betra að vera á Íslandi

Tri Adhi Sugiharto, kallaður Áki, er frá Bali í Indónesíu og hefur verið á Íslandi í 5 ár. Við hjónin fórum í heimsókn til Bali í fyrra á sömu slóðir þar sem þessi hörmulegu hryðjuverk voru framin fyrir skömmu. Nokkrir vinir mínir unnu á skemmtistaðnum sem var sprengdur þannig að við urðum skelfingu lostin og erum ekki en búin að jafna okkur, segir Áki.

Ég er búin að vinna hér í tvö ár við framleiðslu á málningu og sé m.a. um að hún sé rétt blönduð. Það er mjög gott að vinna hér og starfsandinn er góður en launin mættu vera betri.

Við erum með starfsmannafélag sem sér um að félagslífið sé lifandi og skemmtilegt. Fyrir stuttu fórum við t.d. í mjög eftirminnilega óvissuferð til Vestmanneyja og svo stendur áreiðanlega ýmislegt fleira til á næstunni. Ég hef áður dvalið í Ástralíu og Japan en mér finnst betra að vera á Íslandi vegna þess að landið er svo sérstakt sagði Áki að lokum og hélt áfram að blanda málningu.



Ljudmila Moissewa



Tri Adhi Sugiharto

Fróðleiksmolar

Ertu á réttum launum? Ertu kannski á „jafnaðarlaunum“? Má það?

Svar: Það er ekkert til í kjarasamningum sem heitir jafnaðarlaun



Þórir Siggeirsson

Trúnaðarmaður hjá ESSÓ

Mjög lærdómsríkt

- segir Þórir Siggeirsson

Fréttablaðið leit við á trúnaðarmannanámsskeiði hjá Eflingu nýlega. Rætt var við tvo þátttakendur um námskeiðið.



Anna María Clausen

Þórir Siggeirsson, bifreiðastjóri hjá Esso var kosinn trúnaðarmaður fyrir fjórum mánuðum. Hann sagðist hafa haft mjög gott af því að taka þátt í námskeiðinu og að það hefði verið mjög lærdómsríkt, reyndar miklu lærdómsríkara en hann hefði getað gert sér grein fyrir í upphafi. Það kom strax í ljós hvað vankunnátta manns var mikil á starfi trúnaðarmanns t.d. varðandi hvaða mál við eigum að skipta okkur af og hvað við eigum ekki að láta til okkar taka, segir hann.

Pegar rætt var um einelti þá varð manni fyrst ljóst hvað skilgreining á einelti getur verið erfið þannig að hægt sé að taka á slíku máli. Annars er námsefnið mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Það fjallar að mestu um réttindi og skyldur á vinnustað og um samskipti við stéttarfélagið. Ef erfið mál koma upp er gott til þess að vita að starfsfólk félagsins er alltaf tilbúið að leiðbeina okkur og jafnvel að koma á staðinn og ræða málin. Ég sé ekki betur en að allir þátttakendur á þessu námskeiði séu mjög ánægðir og hvað mig varðar þá er ég miklu betur undir það búinn til að takast á við þetta nýja starf eftir dvölinna hér, sagði Þórir.

Trúnaðarmaður hjá Össurri hf.

Umfjöllun um einelti kom á óvart

- segir Anna María Clausen

Anna María Clausen, vinnur í framleiðsludeild hjá Össurri hf. og hefur verið trúnaðarmaður í 8 mánuði. Ég er hér til að fræðast og vera betur undir það búin að takast á við trúnaðarmannastarfið. Við höfum verið að fara yfir réttindi og skyldur starfsmanna og hvenær við megum koma að málum og í hvaða tilfellum við eigum ekki að skipta okkur af þeim. Svo var fjallað um samskipti á vinnustöðum og sérstaklega um einelti sem virðist vera mjög flókin málaflokkur. Umfjöllunin um þetta efni kom mér mest á óvart en því miður finnst mér ég ekki vita nógu um einelti á vinnustöðum vegna þess að skilgreiningin á því er mjög óljós.

Einnig hefur verið farið yfir hvaða rétt vinnufélagar okkar hafa í sjóðum stéttarfélagsins og ýmis önnur réttindamál. Núna sé ég hvað það er mikilvægt að hafa virkan trúnaðarmann sem getur bent vinnufélögum sínum á rétt þeirra bæði hjá vinnuveitanda og stéttarfélagi t.d. varðandi orlof, sjúkrasjóð, starfsmenntun og ýmislegt fleira vegna þess að ég held að fólk sé ekki nógu duglegt að sækja þessi réttindi sín, segir Anna að lokum brosand.



KEA
Skyr

FEGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA

KEA-skyrið ljúffeng hollustuvara

KEA-skyrið er ein vinsælasta hollustuvaran á markaðnum í dag. Það er einstaklega prótín- og næringarríkt. Það er nánast fitulaust en mjög bragðgott og með góða áferð, KEA-skyrið er án allra aukaefna, í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni.

KEA-skyrið er góður kostur fyrir þá sem hugsa um hollustu, hreysti og gott útlit.



Námsráðgjöf Eflingar fer af stað

- Vilt þú námsráðgjafa á þinn vinnustað?



Námsráðgjöf Eflingar og Starfsafls sem kynnt var í septemberblaði okkar er nú að fara að stað. Samið hefur verið við námsráðgjafa

um að koma að þessu verkefni með okkur og munu þeir hafa samband við vinnustaði á næstu vikum. Þar sem ráðgjöfinni er ætlað að fara fram í vinnutíma munum við óska eftir samstarfi við atvinnurekendur um að námsráðgjafi fái að koma á vinnustaðinn (t.d. í kaffistofuna) í kringum matartíma og e.t.v. vera eitthvað fram í vinnutíma ef atvinnurekandi samþykkir það.

Námsráðgjöf er oft fyrsta skrefið fyrir fólk sem vill bæta einhverri þekkingu við sig og góð ráðgjöf fagaðila getur oft auðveldað valið og bent á heppilegustu leiðirnar að markmiðinu. Ráðgjöfin er að fullu greidd af Starfsafl (fræðslusjóði Eflingar og atvinnurekenda) og því félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Ef þú hefur áhuga á að fá námsráðgjafa á þinn vinnustað hafði þá samband við Garðar Vilhjálmsson hjá Eflingu í síma 510-7500 og við finnum tíma í samvinnu við þinn atvinnurekanda.

Viltu læra á tölvuna þína heima í rólegheitum

- Sértilboð til Eflingarfélaga á sjálfsnámsheftum við tölvunám



Efling - stéttarfélag og Starfsafl hafa gert sérstakan samning við útgáfufyrirtækið Hemra um sölu á sjálfsnámsheftum til Eflingarfélaga á sérstaklega hagstæðu verði. Því til viðbótar hefur Starfsafl samþykkt að félagsmenn geti nýtt sér einstaklingsstyrk sinn til kaupa á þessum heftum. Með því að nýta sér þennan afslátt og einstaklingsstyrk geta Eflingarfélagar fengið hverja bók á aðeins 600 krónur, en fullt verð í verslun er 2.180 krónur.

Sjálfsnámsheftin eru mjög aðgengileg og að sjálfsögðu á íslensku. Mikið er af skýringarmyndum í heftunum og textin er einfaldur þannig að allir byrjendur ættu að geta nýtt sér þau. Hvert hefti er um 60 blaðsíður og í hverju þeirra er tekið fyrir eitt forrit. Hægt er að kaupa hefti um öll helstu forritin s.s. Word, Excel, Power point, Front page (heimasíðugerð) og mörg fleiri eða alls 30 titlar, ásamt því sem hægt er að fá hefti sérstaklega um Netið.

Til þess að nýta sér þetta tilboð þurfa Eflingarfélagar að kaupa heftin hjá Hemru, Ármúla 29, Reykjavík en þar borga Eflingarfélagar kr. 1.500 fyrir hvert hefti, og koma með reikninginn til Eflingar og fylla út umsókn um fræðslustyrk sem er 60% af reikningnum. Styrkurinn er síðan greiddur út næstu mánaðarmót á eftir.



Smelltu á www.efling.is



Efllingarfélagar í starfsmannaskipti

Mikill áhugi á erlendum kynniserðum

- sex fyrirtæki í fyrstu umsóknahrinu

Eftir kynningu innan Eflingar á mögulegum mannaskiptaverkefnum meðal félagsmanna í haustblaðinu kom strax fram mikill áhugi á að nýta sér þetta tækifæri.

Félagsmenn Eflingar hjá sex fyrirtækjum og stofnunum eru með í þessari fyrstu umsókn Eflingar um starfsmannaskipti. Þessi fyrirtæki eru; Málning hf., Olufélagið hf., Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar, Hrafnista, Skógarbær og Félagsþjónusta Reykjavíkur.

Umsóknnum var skilað inn 4. nóv. sl. en svars er að vænta nú í desember. Ef umsókn okkar verður samþykkt mun Leonardóáætlun Evrópusambandsins greiða fargjöld og upphaldskostnað viðkomandi en farið er fram á að fyrirtæki starfsmannsins greiði honum laun þann tíma sem hann er í starfskynningu hjá gest-

gjafafyrirtækinu.

Fyrirtækin sem Eflingarfélagar heimsækja eru í sömu greinum og viðkomandi starfsmaður vinnur hjá hér heima og er ætlast til þess að hann noti tímann til að kynna sér starfsaðferðir í viðkomandi fyrirtæki ásamt því að fá einhverja innsýn inn í mögulegt starfsnám í greininni.

Efling mun halda áfram að sækja um þessi mannaskiptaverkefni og þegar hafa fleiri fyrirtæki lýst áhuga á að koma til samstarfs um næstu umsókn sem verður send inn í febrúar.

Þeir félagsmenn eða fyrirtæki sem vilja kynna sér málið er bent á að hafa samband við Garðar Vilhjálmsson á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða með tölvupósti gardar@efling.is.

Ef umsókn okkar verður samþykkt mun Leonardóáætlun Evrópusambandsins greiða fargjöld og upphaldskostnað





Karl Ó. Karlsson, lögmaður Eflingar

Læknisfræðileg nauðsyn skapar rétt

Að undanförunu hafa borist nokkrar fyrirspurnir til félagsins um það hvort starfsmönnum beri réttur til greiðslu launa í forföllum vegna lýta- eða fegrunaraðgerða. Af því tilefni mun ég í fara stuttlega yfir nokkur atriði sem huga verður að í því sambandi.

Í lögum 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms eða slysaforfalla, er kveðið á um að verkafólki beri réttur til greiðslu launa ef það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma. M.ö.o. sé starfsmaður haldinn sjúkdómi sem leiðir til óvinnufærni ber honum réttur til launa í forföllum sínum. Með líkum hætti er kveðið á um veikindarétt í kjarasamningum félagsins. Við túlkun á því hvað fellur undir sjúkdómshugtak-

ið er oft byggt á skilgreiningum læknisfræðinnar og/eða túlkun á ákvæðum laga um almannatryggingar, með ákveðnum undantekningum þó.

Álitamál hafa risið um hvort starfsmanni beri réttur til greiðslu launa þegar hann er vinnufær en gengst síðan undir aðgerð sem hefur í för með sér óvinnufærni um ákveðinn tíma. Tekist var á um slíkt í Hrd. 28.2. 2002 í málinu nr. 346/2001. Þar voru málsatvik þau að matsveinn á skipi gekkst undir skurðaðgerð vegna æðahnúta í fótum. Matsveinninn varð óvinnufær í kjölfar aðgerðarinnar og krafðist hann launa í forföllum sínum. Hæstiréttur féllst á kröfu matsveinsins um greiðslu launa, þrátt fyrir að fyrir hafi legið að hann hefði stundað vinnu sína allt fram til þess tíma er hann fór í aðgerðina. Rök Hæstaréttar voru þau að í ljós hefði verið leitt að matsveinninn hefði verið haldinn sjúkdómi, sem hefði þróast í nokkurn tíma og að skurðaðgerðin hefði verið nauðsynleg til þess að bæta þar úr. Einkenni sjúkdómsins hefðu verið orðin með þeim hætti að matsveinninn hafi átt erfitt með að gegna störfum sínum, þar sem starfið hafi útheimt miklar stöður. Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hefði dráttur á aðgerð skapað nokkra hættu fyrir heilsu matsveinsins og hvenær sem er getað leitt til óvinnufærni.

Í núgildandi aðalkjarasamningi Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins gefur að finna svofellda bókun varðandi óvinnufærni vegna veikinda:

„Aðilar eru sammála um að, auk veikinda og slysatilvika, verði veikindaréttur samkvæmt samningi þessum virkur þurfi starfsmaður að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega læknisaðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni. Ofangreind skilgreining felur ekki í sér breytingu á sjúkdómshugtaki vinnuréttar eins og það hefur verið túlkað af dómstólum. Þó eru aðilar sammála um að aðgerðir sem starfsmaður þarf að gangast undir, til að bæta úr afleiðingum slysa við vinnu, leiði einnig til þess að veikindaréttur skv. samningi þessum verði virkur.“

Sé framangreint virt má draga þá ályktun að óvinnufærni í kjölfar aðgerða sem teljast eingöngu vera fegrunaraðgerðir skapa ekki rétt til greiðslu launa. Lýtaaðgerð í kjölfar vinnuslyss skapar þó rétt til greiðslu launa í samræmi við framangreinda bókun. Sé aðgerð, sem hefur áhrif á útlit, læknisfræðilega nauðsynleg og til þess fallin að bæta úr sjúkdómi og koma í veg fyrir fyrirsjáanlega óvinnufærni þá skapast réttur til greiðslu launa í kjölfar slíkra aðgerða. Hér undir myndi t.a.m. falla þau tilvik þegar konur þurfa af læknisfræðilegum ástæðum að gangast undir brjóstaminnkun til þess að ráða bót á óvinnufærni eða fyrirsjáanlegri óvinnufærni, en eitt slíkt mál er nú til meðferðar hjá Eflingu-stéttarfélagi. Önnur tilvik geta komið til skoðunar, en nauðsynlegt er að meta hvert tilvik fyrir sig með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum.

Ólafur Einarsson, lýtalæknir

Ofvaxin, þung brjóst teljast sjúkdómur



Í skilningi almannatryggingalaga teljast ofvaxin, þung brjóst sjúkdómur eða kvilli. Konur sem gangast undir aðgerð til að minnka og létta slík brjóst fá aðgerðina þeim að kostnaðarlausu innan sjúkrahúskerfisins og teljast veikir meðan á sjúkradvöl og afturbata eftir aðgerð stendur. Þetta segir Ólafur Einarsson, lýtalæknir um brjóstaaðgerðir sem tengjast heilsufari og heilbrigði kvenna.

Vextirnir hækka stig af stigi

HEIMILAKAUPVEGUR/STIGAN/STIGIS SPV TRÉTT. TÚRUR



SPV Þrep er góður kostur fyrir þá sem vilja geta gengið að varasjóðnum vísum en njóta um leið hárra vaxta.

Vextirnir hækka á sex mánaða fresti af þeirri innstæðu, sem lätin er standa óhreyfd, þar til þeir ná hámarki eftir 36 mánuði.

- Óverðtryggður
- Alltaf laus
- Stighækkandi vextir
- Ekkert úttektargjald
- Enginn kostnaður eða þóknun

Vertu velkomin(n) í Borgartún 18, Hraunbæ 119 og Síðumúla 1,
hringdu í síma 575 4100 eða kynntu þér möguleikana á www.spv.is


spv
Sparisjóður
vélstjóra
www.spv.is

Komið að fjármálaráðherra að standa við yfirlýsinguna

segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir,
1. varaformaður Eflingar



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Yfirlýsing fjármálaráðherra frá 13. desember 2001 er ennþá í uppnámi og ekki virðist sjá í lausn í málinu. Þetta er ópolandi staða í málinu, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1 varaformaður Eflingar. Þrátt fyrir fjölmarga fundi bæði með ráðherrum og embættismönnum bolar ennþá ekkert á lausn í þeim réttlætismálum sem jöfnum réttinda starfsmanna ríkisins sem eru innan ASÍ við aðra opinbera starfsmenn.

Með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru félagsmenn í almennu stéttarfélaginu hjá ríkinu gerðir að ríkistarfs-

mönnum þ.e. lögin ná til þeirra sem og opinberra starfsmanna. Þessu fylgdi viðbótarskyldur fyrir starfsmenn svo sem varðandi trúnaðarskyldu, skyldu til þess að vinna yfirvinnu og skyldu til að byðja um leyfi til þess að gegna launuðu starfi hjá öðrum aðila en hjá ríkinu.

Um leið átti að bæta réttarstöðu starfsmanna í almennu stéttarfélaginu. Þessir starfsmenn mundu jafnframt öðlast þau réttindi sem lögin fela í sér og ríkinu sem atvinnurekanda yrði gert að virða ákvæði stjórnarsýslulaga um að gæta jafnræðis gagnvart starfsmönnum sínum. Þetta hefur ekki gengið eftir.

Launfólk hefur staðið við sinn hluta af samkomulaginu frá 13. desember þegar yfirlýsing fjármálaráðherra var gefin.

Framhald málsins er í höndum fjármálaráðherra. Hann veit að jafnræðisreglan hefur ekki verið virt. Hann getur leyst þennan hnút sem málið er komið í. Nú er komið að honum, segir Þórunn.

Félagsfundur Eflingar sendi frá sér harðorða ályktun um þetta mál fyrir nokkru sem er hér á síðunni.

Félagsfundur Eflingar

Skorar á fjármálaráðherra

að standa við samkomulagið 13. desember sl.

Félagsfundur í Eflingu-stéttarfélagi sem haldinn var í október sendi fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, eftirfarandi áskorun af fundinum:

“Við gerð samkomulags aðila vinnumarkaðarins 13. desember 2001 var lögð fram yfirlýsing af hálfu fjármálaráðherra, Geirs H. Haarde, þar sem fjallað er um jöfnun réttinda launafólks innan ASÍ við kjör félagsmanna í stéttarfélagum opinberra starfsmanna.

Þrátt fyrir að upp undir ár sé frá því að fjármálaráðherra gaf út yfirlýsinguna hefur ekkert gerst í málinu. Þrátt fyrir fjölda funda ASÍ með embættismönnum og ráðherrum er málið ennþá á byrjunarreit.

Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, var alveg ljóst hvað yfirlýsingin þýddi. Hún var ákveðið fyrirheit um jöfnun réttinda. Ennfremur er skýrt að yfirlýsingin var gefin í tengslum við heildarsamkomulag aðila vinnumarkaðarins um frestun endurskoðunarákvæða kjarasamninga. Launafólkið hefur staðið við sinn hluta af yfirlýsingunni. Það stendur upp á ráðherra að framfylgja því loforði sem hann gaf.

Þær tillögur sem lagðar hafa verið fram af hálfu ríkisins á fundum með ASÍ eru í engu samræmi við fyrirheitin sem gefin voru. Geir H. Haarde gaf loforð um framtíðarlausn en embættismenn hafa síðan mætt umboðslausir á fundi með samningamönnum ASÍ. Við þetta verður ekki unað.

Félagsfundur Eflingar skorar á fjármálaráðherra að standa við yfirlýsinguna frá 13. desember 2001. Ráðherra í ríkisstjórn Íslands verður að standa við yfirlýsingar sem hann gefur samtökum á vinnumarkaði. Hann ber nú ábyrgð á því að niðurstaða verði í málinu.

Fróðleiksmolar

Munið að geymið alltaf launa-seðla. Þú getur þurft að nota þá áður en þig grunar.

Hafðu augun opinn fyrir réttindum þínum!!!

Aðrir munu ekki passa upp á þau fyrir þig!

Smelltu á www.efling.is



Efling

Auglýsingar vekja mikla athygli

Auglýsingar Eflingar um sjúkrasjóð og fræðslumál félagsins hafa vakið mikla athygli. Auglýsingarnar hafa birst undanfarna daga og vikur í sjónvarpi, blöðum, ýmsum fjölmiðum auk þess sem bæklingar hafa verið gerðir og veggspjöld sem fylgja þessari kynningu eftir.

Viðbrögðin hafa ekki látið standa á sér. Þeir

sem dreifa veggspjöldum á vinnustöðum hafa sagt að sjaldan hafi þeir fengið önnur eins jákvæð viðbrögð úti á vinnusvæðunum. Auk þess hefur fólk haft samband við félagið til að lýsa yfir ánægju með þetta framtak við kynningarstarf félagsins.



Jólahlaðborð í Perlunni

Hillary í mestu uppáhaldi

- segir Elmar Kristjánsson, matreiðslumeistari



Eins og undanfarin ár heimsótti blaðið veitingastað og kannaði hvað væri á boðstólum á jólahlaðborðinu fyrir jólin. Á þessu sinni varð Perlan fyrir valinu. Elmar Kristjánsson, matreiðslumeistari, hefur verið um áratug að störfum í Perlunni þar sem hann hefur matreiðt fyrir ýmsar þekktar persónur. Hann varð góðfúslegur við þeirri beiðni að ræða við Eflingarblaðið og fyrsta spurningin var hvar hann hefði lært matreiðslu?

Ég lærði matreiðslu fyrst hjá Magnúsi Björnssyni, frænda mínum, en hann stofnaði veitingahúsið Ask á sínum tíma. Svo vann ég á Gauknum um tíma og hélt svo til Sviss og vann

Já, í seinni tíð höfum við sérhæft okkur meira í villibráðaréttum þar sem öndin er mjög vinsæl



hjá íslenska sendiherranum í 2 ár. Þegar ég kom heim réð ég mig til starfa í Valhöll á Þingvöllum og endaði svo hér í Perlunni fyrir 10 árum.

Þú hefur áráðanlega eldað fyrir margar frægar persónur á þessum árum er einhver þeirra í sérstöku uppáhaldi hjá þér?

Það er óhætt að segja að margir eftirminni-legir gestir hafi komið til okkar í mat. Berlusconi forsætisráðherra Ítalíu var hér þegar hann kom til landsins fyrir nokkru en Hillary Clinton, fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, er í mestu uppáhaldi hjá mér. Hún borðaði hjá okkur fyrir nokkrum árum þegar hún kom hingað í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu sem hafði yfirskriftina Konur og lýðræði.

Sérhæfið þið ykkur í einhverjum mat?

Já, í seinni tíð höfum við sérhæft okkur meira í villibráðaréttum þar sem öndin er mjög vinsæl, og svo erum við líka að þróa sjávarréttahlaðborð sem nýtur vaxandi vinsælda.

Hvað ætlið þið að bjóða gestum upp á sem koma til ykkar í jólahlaðborðið?

Eins og undanfarin ár bjóðum við upp á rjúpusúpu sem er borin fram til gestanna. Síðan erum við með villibráðahlaðborðið þar sem í boði eru forréttir, aðalréttir og eftirréttir en svo bætist við þessi hefðbundni jólamatur eins og síldarréttir, graflax, reyktur lax og svo verðum við með ostrur í fyrsta skiptið sem við fluttum inn frá Frakklandi. Í aðalréttina bætist við hangikjöt, kalkúnn, roastbeef, og purusteik. Í eftirrétt bjóðum við svo upp á íslenska og erlenda osta, tertur, ferska ávexti og ís.

Við reynum alltaf að vera með einhverjar nýngar á hverju ári og núna ætlum við m.a. að baka sjálf rúgbrauð og hafa á boðstólum. Það hefur fæst mjög í vöxt að fjöldskyldur komi í jólahlaðborðið og þá reynum við að gleðja börnin með einhverju nammi og stundum höfum við fengið barnahljómsveit til að leika jóla-lög. Áður en gestir setjast til borðs geta þeir farið að sérstöku borði í salnum þar sem fulltrúar frá vinninnflytjendum eru með vínsmakk og valið sér vín við hæfi með matnum.

Svona í lokin, hvað verður í matin hjá þér á aðfangadagskvöld?

Ætli ég hafi ekki Rjúpusúpu og graflax í forrétt og úrbeinaða önd í aðalrétt ásamt sykurbrúnuðum kartöflum og rauðkáli. Svo þykir mér líklegt að ég bjóði upp á Port Salut ost og ís í eftirrétt.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299

Uppskriftir á blaðsíðu 45



Njóttu lífsins

og láttu Greiðslubjónustu SPRON
sjá um reikningana

Losnaðu við sveiflur í útgjöldum heimilisins og notaðu tíma þinn í eitthvað skemmtilegra.

Þú færð nánari upplýsingar um Greiðslubjónustuna á www.spron.is, í þjónustuveri sími 550 1400 og hjá þjónustufulltrúum á öllum afgreiðslustöðum SPRON.

 **spron**
www.spron.is



Um óvænt áhrif evrunnar

-eftir Ásgeir Jónsson, hagfræðing



Nú er rykið farið að setjast eftir þær deilur sem sköpuðust vegna upptöku evrunnar meðal 11 Evrópulanda fyrir nokkru síðan. Ef hægt er að draga einhvern lærdóm af þeim stutta tíma sem myntsamstarfið hefur staðið, þá virðast jaðarlönd í myntsambandinu hafa hagnast mest. Þetta eru lönd eins og Spánn, Portúgal, Írland og Finnland sem hafa hingað til verið dálítið utanveltu í evrópskum viðskiptum. Þessi lönd hafa hagnast vegna efnahagsstöðugleika sem fylgt hefur evrunni, auk þess sem efnahagslífið hefur tekið mikinn kipp vegna vaxandi viðskipta og erlendra fjárfestinga. Aftur á móti eru það miðjulönd, eins og t.d. Þýskaland sem hafa heldur kveinkað sér undan hinum sameiginlega gjaldmiðli. Þetta er umhugsunarefni vegna þess hve margir réðu téðum jaðarlöndum frá því að ganga í myntsamstarf vegna þess að þau væru of fjarri fransk-þýska hjarta Evrópu og þess vegna úr takti við bandalagið í heild. Sannast sagna hafa áhrifin af evrunni komið dálítið á óvart, en samt eru til mörg söguleg fordæmi fyrir þessum áhrifum.

Rannsóknir sýna...

Hagfræðingurinn Franklin Rose hefur unnið mjög viðamikla rannsókn á áhrifum myntbandalaga, sem tekur til myntsamvinnu viðs vegar í heiminum á síðustu 100 árum eða svo. Niðurstöður hans sýna að sameiginleg mynt hefur meiri áhrif á viðskipti á milli landa en

sameiginlegt tungumál, svo dæmi sé tekið. Ef eitt land tekur upp mynt annars lands, þá þrefaldast viðskiptin á milli þessara tveggja landa í kjölfarið. Höfundar rannsóknarinnar kunna þó fáar eða engar skýringar á því af hverju sameiginleg mynt hefur þessi áhrif. Með einhverjum hætti virðist myntsamruni hvetja til almennrar samþættingar viðskipta og efnahagslífs á milli landa. Það virðist vera staðreynd að sameining gjaldmiðla sé í raun sameining markaða, sem hafi mjög víðtæk áhrif.

Peningar og vegir

Myntsamvinnu má í raun líkja við lagningu hraðbrauta þar sem hindrunum, s.s. gengisáhattu, er rudd úr vegi. Auðsköpun í litlum löndum er háð utanríkisviðskiptum og góðri tengingu við stærri markaði. En eftir því sem hagkerfin eru smærri, því minna svigrúm er fyrir stærðarhagkvæmni, samkeppni og sérhæfingu. Það getur því kallast regla, að því afskekktari og fámennari samfélög þeim mun meira máli skipta góðar samgöngur og tengsl við umheiminn. Þessu er hægt að jafna við þá einföldu staðreynd að lagning hraðbrauta skiptir litlu máli fyrir samskipti á milli þeirri sem búa stutt frá hverjum öðrum. Beinir og breiðir þjóðvegir skipta hins vegar miklu fyrir þá sem búa í fjarlægð, hvort sem vegalengdir er mældar í landfræðilegum skilningi eða sem bil á milli menningarheima. Í ljósi þessa hlýtur

Réttara er að
lita á þessi sér-
einkenni Íslands
sem helstu
ástæðu þess að
Íslendingar ættu
að taka upp
aðra mynt



að vera kominn tími til þess að íslensk umræða um myntsamvinnu taki stakkaskiptum, þar sem bæði kostir og gallar evruaðildar eru nokkrir aðrir en haldið hefur verið fram.

Mesta jaðarþjóð Evrópu

Í landfræðilegum skilningi eru Íslendingar mesta jaðarþjóð V-Evrópu. Vöruútflutningur er fábrotinn, en viðskipti landsins við hjarta Evrópu eru hlutfallslega lítil. Vöxtur útflutnings hefur verið hægur undanfarin ár og þess vegna er Ísland mun lokaðra hagkerfi en ætti að vera m.v. stærð, enda er fákeppni og slök framleiðni mikið vandamál innan þess. Verðbólga og gengisfellingar hafa lengi verið viðvarandi og vaxtastig er mun hærra en annars staðar í V-Evrópu. Efnahagslífið hefur einnig verið óstöðugt og verið mun sveiflukenndara en þekkist í flestum öðrum iðnvæddum ríkjum. Þessi atriði hafa oft verið nefnt sem ein helsta ástæða þess að Ísland eigi ekki heima í myntbandalagi með öðrum þjóðum vegna þess að þjóð sem hefur svo sérstaka efnahagshætti verði að hafa sérstaka mynt. En með þessu er þó verið að víxla orsökum og afleiðingu. Réttara er að líta á þessi séreinkenni Íslands sem helstu ástæðu þess að Íslendingar ættu að taka upp aðra mynt.

Evrán og ESB

Eins og staðan er nú er ekki hægt að ganga í myntbandalag Evrópu án þess taka upp fulla aðild að Evrópusambandinu. Sínum augum lítur hver silfrið þegar ESB er annars vegar. Það er ljóst að ESB aðild fylgja miklar pólitískar breytingar og mörg álitamál sem eru nú deilu-



efni meðal landsmanna. Til þessa máls skal ekki tekin afstaða hér. Aftur er auglýnilegt, hvaða álit sem menn hafa á Evrópuklúbnum, að evran er stærsta efnahagslega röksemdin fyrir því að ganga í hann.

Heimildir

Franklin Rose og Eric van Wincoop (2001) "National Money as a Barrier to Trade: The Real Case for Currency Union", American Economic Review

Sjá einnig heimasíðu Franklins Rose til þess að sjá yfirlit yfir rannsóknir á áhrifum myntbandalaga og viðskipta.

<http://faculty.haas.berkeley.edu/arose/RecRes.htm>

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsværksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið ferir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 545 8300 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

Landspítali – háskólasjúkrahús

Eflingarfélagar í námi

- tekið á breyttum skipulagsheildum,
samskipti og liðsvinnu.



Frá samskiptanámskeiði Landspítala - háskólasjúkrahúss

Námsflokkar Reykjavíkur

Stofnaðir 1939

PRÓFANÁM - FRÍSTUNDANÁM

Öldungadeild á grunn- og framhaldsskólastigi.

Fjölbreytt tungumálanám.

Verklegar greinar og myndlistarnámskeið.

Námsaðstoð fyrir skólafólk.

Sérkennsla í lestri og skrift.

Upplýsingar í síma 551 2992.

Kennsla fer fram í Miðbæjarskóla og Mjódd

Netfang: nfr@namsflokkar.is

Heimasíða: <http://www.namsflokkar.is>

SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR

Landspítali - háskólasjúkrahús hefur í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag haldið námskeið fyrir Eflingarstarfsmenn síðastliðinn vetur og í haust. Á vorönn 2002 var starfsmönnum frá eldhúsi, ræstingu og þvottahúsi boðið upp á námskeið og voru þátttakendur 85 en nú á haustönn er námskeið fyrir starfsfólk á geðsviði og eru um 100 þátttakendur skráðir. Menningar- og fræðslusamband alþýðu sér um kennsluna.

Námskeiðið fyrir almenna starfsmenn er 10 kennslustundir og er kennt tvo daga, 5 kennslustundir í senn. Fjallað er um samskipti, sjálfs-traust og áhrifaríka liðsvinnu á fyrra degi. Á seinni deginum er lögð áhersla á hvernig eigi að takast á við breytingar á vinnustað, fyrirtækjamenningu og starfsmannasamtöl.

Bæði á vor- og haustönn voru haldin tvö 3ja kennslustunda námskeið fyrir yfirmenn viðkomandi starfsmanna. Þau voru haldin áður en námskeiðin fyrir almenna starfsmenn byrjuðu og svo aftur þegar þeim var lokið. Markmiðið með námskeiðunum fyrir yfirmenn var að kynna fyrir þeim það sem fjallað væri um á námskeiðunum fyrir almenna starfsmenn, hlutverk stjórnenda, mikilvægi símenntunar, og gera eftirfylgni markvissari.

Mikil ánægja er með námskeiðin, bæði hjá almennum starfsmönnum og stjórnendum þeirra og er því í undirbúningi að bjóða upp á sambærileg námskeið fyrir aðra starfshópa innan Landspítala - háskólasjúkrahúss á næsta ári.

Samskiptanámskeiðin hjá LHS

Hef lært margt á þessu námskeiði

-segir Hörður Vilhjálmsson

Hörður Vilhjálmsson, sagði að námskeiðið sé sérhæft og sér líkaði það vel. Við höfum verið að fjalla um sjálfmynd okkar og hvernig á að vinna á hópinnustað. Þá hafa samskipti við sjúklinga og framkoma bæði hjá sjúklingum og starfsfólki verið rædd. Ég hef lært margt á þessu námskeiði sem mun koma sér vel í starfi mínu á geðdeild spítalans, sagði Hörður.



Hörður Vilhjálmsson

Puríður Matthíasdóttir

Mjög gagnlegt

Puríður Matthíasdóttir, vinnur í Arnarholti á Kjalarnesi við ummönun sjúklinga. Hún sagði að námskeiðið hefði staðið yfir í tvo hálfra daga og hefði verið mjög gagnlegt. Á námskeiðinu hafa verið góðir leiðbeinendur og rætt um hvernig okkur sjálfum líður og samskipti almennt við sjúklinga og samstarfsfólk. Það er líka mjög gott að koma á svona námskeið og heyra hvað aðrir eru að gera sem eru í samþætilegum störfum, segir hún.



Puríður Matthíasdóttir

Grunnmenntaskólinn

Af stað eftir áramót með breyttu fyrirkomulagi

- Tvær 150 stunda annir

Efling-stéttarfélag mun í lok janúar fara af stað með Grunnmenntaskólann fyrir félagsmenn með örlítið breyttu formi. Skólanum verður skipt niður í tvær 150 stunda annir; fyrri önnin fer að stað eftir áramót en síðari önnin næsta haust. Jafnframt verða tímasetningar aðrar til að koma til móts við óskir félagsmanna.

Í grunnmenntaskólanum er kennd íslenska, enska, tölvur, stærðfræði, sjálfstyrking, samskipti og fleira. Grunnmenntaskólinn er ætlaður þeim sem hafa hvað stysta skólagöngu að baki og vilja styrkja grunninn í fyrrnefndum námsgreinum, hvort heldur er til frekara náms eða til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt.



Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, var við útskrift í Grunnmenntaskólanum í vor

Návar verður gerð grein fyrir skipulagi, tímasetningum og innihaldi Grunnmenntaskólans í janúarblaði félagsins en reiknað er með að hann fari af stað í lok janúar og kennt verðu tvisvar í viku, frá klukkan 16:00 á daginn, ásamt því sem kennt verður annan hvern laugardag.



Nýtt deiliskipulag Hvammi og Stóra-Fljóti

Festir landið í sessi sem skipulag orlofssvæði fyrir félagsmenn

Stjórn Eflingar hefur samþykkt af sinni hálfu breytt skipulag á landi félagsins að Hvammi í Skorradal og nýtt skipulag á landi félagsins á Stóra-Fljóti í Biskupstungum. Deiliskipulag er mikilvægt til að tryggja framtíðarnýtingu landsins fyrir félagsmenn Eflingar og orlofshús á svæðinu. Eldra skipulag var til í Hvammi en í landi Stóra-Fljóts er verið að deiliskipuleggja í fyrsta sinn.

Eldra skipulag var til fyrir Hvamm í Skorradal. Í því skipulagi, sem samþykkt var 1995, var gert ráð fyrir 8 frístundahúsum og hefur því ekki verið breytt. Áfram er gert ráð fyrir 8 húsum auk sumarbústaðarins sem fyrir er á landinu. Svæðið sem skipulagið nær til er í suðurhlíðum Skorradalsháls og er um 14 ha. að stærð. Svæðið er að stæstum hluta lyngi og skógi vaxið land og tveir lækir renna þar í gegn. Svæðið afmarkast af landamörkum mót

Hvammi í austri, þjóðvegi 508 í norðri, sumarhúsabyggð í austri og Skorradalavatni í suðri. Vestast á svæðinu stendur svo eitt eldra sumarhús, sem áður er nefnt, og akvegur að því meðfram vatninu. Staðurinn er sérstaklega fallegur og útsýni einstaklega fallegt.

Skipulag fyrir Stóra-Fljót hefur ekki verið fyrir hendi. Til stóð að að skipuleggja landið sem útivistarsvæði en með samkomulagi við sveitastjórnina var því breytt og Eflingu gert mögulegt að reisa þarna frístundabyggð í framtíðinni.

Skipulagið gerir ráð fyrir 14 frístundahúsum í 7 parhúsum. Spildan sem félagið hefur eignarhald á er um 16,9 ha. að stærð en skipulagt svæði verður um 2,7 ha. Stór hluti landsins er votlendi sem ekki er hægt að byggja á. Aðliggjandi jarðir eru Reykjavellir í vestri, Dalsbrún í austri. Í norðri, bein lína á milli leifa af grjótvörðum uppi á Reykholti, aðliggjandi er þéttbýlið við Reykholt. Í suðri er Tungufljót. Suðurlandið er vinsælt frístundasvæði og er Stóra Fljót því ákjósanlegur staður fyrir sumarhús.

Heitt vatn er á báðum þessum svæðum og eru þau því ákjósanleg fyrir frístundabyggð. En ekki hefur verið ákveðið hvenær ráðist verður í byggingar á þessum svæðum. Samþykkt skipulag þýðir ekki sjálfkrafa að farið verði að byggja. Það bíður síns tíma og getur liðið nokkur tími þar til ráðist verður í framkvæmdir.

Starfstengd íslenskukennsla bætir samskipti á vinnustöðum

Á undanförunum árum hafa Námsflokkar Reykjavíkur staðið fyrir íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn í heilbrigðiskerfinu í samstarfi við Eflingu stéttarfélag og hefur þátttaka verið góð. Í haust kom út handbók sem er sérstaklega ætluð þeim sem taka þátt í þessu námi og sáu Sólborg Jónsdóttir íslenskukennari og Þorbjörgu Halldórsdóttur um gerð bókanna.

Sólborg sagði að vinnan hefði hafist vorið 2000 eftir að fulltrúar frá öldrunarstofnunum fóru á fund starfsmanna í Menntamálaráðuneytinu og Starfsmenntaráði Félagsmálaráðuneytisins til að ræða um námskeið í íslensku fyrir erlenda starfsmenn á hjúkrunarheimilum, og varð niðurstaðan sú að þessir aðilar ákváðu að styrkja námskeiðin. Þá var haft samband við okkur hjá námsflokkunum og í framhaldi af því byrjuðum við Þorbjörg að vinna í þessu verkefni sem fékk vinnuheitid "Próun náms-efnis og tilraunakennsla".

Hvernig fór vinnan fram við gerð þessa náms-efnis? Náms-efnið próaðist sam- hliða kennslu á Landspít- ala Landakoti, Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, Skjóli og Sólvangi. Fyrsta hugsunin hjá okkur var að náms-efnið þyrfti að vera bæði fyrir byrjendur og lengra komna og að það þyrfti að vera vandað og þægilegt til notkunar fyrir kennara og standast tímans tönn. Þess vegna ákváðum við að raða því í þar til gerða möppu sem skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er lögð áhersla á daglegt mál en í seinni hlutanum er lögð meiri áhersla á orðaforða sem tengist störfum á heilbrigðisstofnunum.

Meginmarkmið efnisins er að gera erlendu starfsfólki kleift að tjá sig á íslensku og aðal- herslan er því lögð á uppbyggingu orðaforða og talæfingar. Að auki er boðið upp á skrifleg verkefni og hlustunarverkefni á hljóðdiski og einnig fylgja kennsluleiðbeiningar og tillaga að



Framhald á blaðsíðu 29





Fegurðin og orkan í náttúrunni

- er viðfangsefni Fríðu Kristínar
Gísladóttur, myndlistarkonu

Fríða Kristín Gísladóttir við myndir sem hún hefur málað og voru á sýningu hennar í sumar

Oftast fer fólk í nám á því sviði sem áhuginn beinist að á unga aldri. Fríða Kristín Gísladóttir sem sér um ræstingar í húsakynnum Eflingar tók ung þá ákvörðun að fara í Handíða- og Myndlistaskólann og læra myndlist og nú mörgum árum seinna hélt hún sína fyrstu málverkasýningu síðastliðið sumar á kaffihúsinu Sólarkaffi á Laugarvegi 85. Fréttablað Eflingar ræddi við þessa brosmiklu og skemmtilegu myndlistarkonu, sem hefur lagt ýmislegt forvitnilegt fyrir sig í lífinu eins og fram kemur hér á eftir.

Það er svo merkilegt, segir Fríða, að þegar maður stefnir að ákveðnu markmiði í lífinu eins og ég með minnu myndlistarnámi, þá geta örlögin gripið óvænt í taumana og maður fer að starfa við allt annað en stefnt var að í upphafi.

Það hentaði Fríðu ágætlega að taka að sér ræstingar fyrir Eflingu-stéttarfélag þar sem hún er með lítið barn og getur um leið sinnt listsköpun sinni. Hún ræstir húsakynni Eflingar og starfsmenn og félagsmenn hafa fengið að berja listaverk hennar augum. Um tíma var stórt verk eftir hana til sýnis í anddyri Eflingar. Við

forvitnumst um það hvernig listnám hennar bar að.

Ég var rétt 17 ára þegar ég byrjaði í myndlistanámi í Handíða- og Myndlistaskólanum, segir Fríða, þegar hún var spurð um áhuga sinn á myndlist. Á þeim tíma málaði ég mynd á framhlið gamla Ísbjarnarhússins á Seltjarnarnesi sem tók þrjá mánuði að fullvinna. Þetta var á sínum tíma eitt stærsta útimyndlistaverk í Reykjavík og var það í nokkur ár. Síðan lá leiðin til Malaga á Spáni í myndlistarnám en fljótlega gripu örlögin í taumana og ég fór að starfa sem módel og seinna vann ég sem stílisti og við ýmis önnur störf.

Fríða bjó í 17 ár á Spáni og stundaði listnám með vinnu ef tilefni gafst. Nú er hún komin heim og hefur notað frítímann til að mála. Af raksturinn sést á þessari fyrstu sýningu á Sólarkaffi þar sem hún sýnir níu olíumyndir sem eru málaðar á síðustu átján mánuðum.

Viðfangsefnið í myndunum er fegurðin í náttúrunni og orkan sem henni fylgir. Viðtökur hafa verið frábærar og sex myndir eru þegar seldar þannig að nú er bara að halda áfram að mála og ég stefni á að halda aðra sýningu sem fyrst, segir Fríða að lokum.

Nú er hún komin heim og hefur notað frítímann til að mála



Vel heppnað námskeið fyrir starfsfólk mötuneyta

Efling - stéttarfélag í samstarfi við MFA stóð fyrir glæsilegu námskeiði fyrir Eflingarfélaga sem starfa í mötneytum nú í byrjun nóvember. Á námskeiðinu var m.a. tekin fyrir áætlanagerð um nýtingu matvæla, gerð matseðla og almennt fjallað um matreiðslu. Þá var einnig farið í líkamsbeitingu og vinnurétt. Kennslan var bæði bókleg og verkleg þar sem farið var í örveru-fræði og hreinlæti með sýnikennslu.

Margrét Pétursdóttir er matráður í Lindar-skóla í Kópavogi og sagði að allir þátttakendur á námskeiðinu væru starfandi matráðar í skólum og fyrirtækjum og að kennslustundir væru samtals 26. Við erum að læra að setja saman rétta og holla matseðla úr öllum fæðuflokkum fyrir nemendur sem borða hjá okkur. Þá lærum við rétt vinnubrögð og líkamsbeitingu í starfi og heilmikið um örverur og hreinlæti í mötuneytum.

Þetta er búin að vera mjög gagnlegur tími og við höfum lært margt, en ég tel að það hafi ekki síður verið nauðsynlegt fyrir okkur að komast á svona námskeið til að rifja upp ýmislegt sem maður vissi en var kannski orðin hálf



Margrét Pétursdóttir

kærulaus með sagði Margrét og svo skemmir það ekki fyrir að það er alltaf mikið fjör þar sem matráðar hittast.

Framhald af blaðsíðu 27

60 stunda námskeiði fyrir byrjendur.

Í viðauka erum við með allskonar leiki því að okkur fanns skipta máli að hafa svolíttinn húmor í náminu og svo fylgir upprifjunarhefti þar sem m.a. er próf og matsblað fyrir nemendur sem kennarar geta lagt fyrir í lok námskeiðs. Eitt verkefnið sem nemendur þurfa að leysa í hverri viku, er að þeir fá spjald með ýmsum spurningum sem þau eiga að spyrja starfsfólk sitt í vinnunni. Annað hvort íslendinga eða aðra sem tala góða íslensku. Í lok vikunnar segja þau frá hvernig til tókst og þá kemur í ljós að þetta hefur orðið til þess að bæta samskipti erlendra og íslenskra starfsmanna sem er mjög ánægjulegt.

Hvert er megin gildi þess að kenna starfstengda íslensku? Það er að stuðla að bættum samskiptu og bættri líðan þannig að fólk verði mun öguggara í störfum sínum almennt.

Telurðu að það hafi náðst árangur með kennslunni? Já það geri ég, fyrir skömmu gerðu yfirmenn á Landakoti könnun á árangri af námskeiðunum sem þar hafa verið haldinn og voru mjög ánægðir með niðurstöðuna. Það ýtir undir þá von mína að þetta námsefni eigi eftir að hjálpa mörgum við að ná fótfestu á vinnumarkaðnum sagði Sólborg að lokum.

Námskeið Iðntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar
réttindanámskeið fyrir vinnuvélistjóra

Rannsóknarmenn
starfsnám til aðstoðarstarfa á rannsóknastofum

Verkstjórar
námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn
árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningatækni
fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja
fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Umsjónarmenn fasteigna
starfsnám fyrir starfandi og verðandi umsjónarmenn

Nánari upplýsingar í sínum 570 7100, 570 7289 og á vefsíðu okkar www.iti.is um þetta og margt fleira

NÁMSKEIÐ

Smelltu á www.efling.is



Starfsmenntun fyrir Eflingarfélaga

Matráðar og aðstoðar- fólk við framreiðslu

Starfsafl-starfsmenntasjóður sem Efling á
aðild að hefur gert samning við Fræðsluráð

hótel- og matvælagreina (FHM) vegna námskeiða sem haldin eru á vegum FHM og Sæmundar Fróða sem er rekstrarfélag í eigu Hótel- og matvælaskeiðs í Kópavogi og Fræðsluráðs hótel- og matvælagreina.

Öll starfstengd námskeið sem haldin eru á vegum ofangreindra aðila eru opin félagsmönnum Eflingar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem eru:

- Námskeiðið þarf að vera í beinum tengslum við starf viðkomandi.
- Bóka skal námskeiðið hjá Eflingu eða Starfsafl

Öll námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Um er að ræða fjölbreytt námskeiðsúrval fyrir þá sem vinna við framreiðslu eða í mótuneytum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Fræðslusviðs hótel- og matvælagreina www.fhm.is, einnig veitir Ingunn hjá Eflingu upplýsingar í síma 510-7500 eða inga@efling.is og Maríanna í síma 510-7543 eða marianna@starfsafl.is.

Í síðasta mánuði fóru nokkrar Eflingar-konur á smurbrauðsnámskeið hjá Marentzu Poulsen og voru mjög ánægðar eins og myndir sýna.

Á smurbrauðsnámskeiði í Hótel og matvælaskeiðum

Heilsusamlegri brauð- tertur en áður

- segir Matthildur Hafsteinsdóttir



Matthildur Hafsteinsdóttir

Fréttablaðið ræddi við Matthildi Hafsteinsdóttir sem er matráður hjá Tölvumiðlun og sér um að starfsmennirnir fái hollan og góðan mat í hádeginu.

Ég geri áætlun fyrir vikuna, segir hún, og reyni að hafa matinn fjölbreyttan. Súpur eru vinsælar og svo býð ég upp á heitan og kaldan mat og mikið af ávöxtum. Ég ákvað að fara á þetta námskeið vegna þess að ég hef lengi haft áhuga á að læra þá list að búa til fallega skreytt

brauð og við höfum einmitt verið að læra réttu handbrögðin hér. Við höfum líka lært að búa til og skreyta brauðtertur sem eru heilsusamlegri en þær sem ég hef áður gert. Og svo er náttúruleg alveg frábært að komast á námskeið hjá Marentzu Poulsen sem er snillingur í þessu fagi. Við þekkjumst flestar konurnar á námskeiðinu og það bætir bara stemninguna hjá okkur, sagði Matthildur hress í bragði.



Auglýsingar Olís

Fjalla um sterka liðsheild

- segir Oliver Þórisson sem lék aðalhlutverkið

Óliver er hress með Olís og auglýsingarnar

Það er ekki á hverjum degi að leitað er til starfsmanna um að taka þátt í gerð leikinna auglýsinga fyrir fyrirtæki. Raunin er önnur hjá Olís þar sem starfsmenn hafa tekið þátt í auglýsingamyndum. Oliver Þórisson vaktstjóri í Olís stöðinni við Gullinbrú og trúnaðarmaður

Eflingar hefur leikið aðalhlutverkið í tveim auglýsingum á þessu ári. Þær tengdust HM 2002 og 75 ára afmæli fyrirtækisins. Fréttablað Eflingar ræddi við Oliver um þetta skemmtilega verkefni.

Þetta byrjaði allt í sumar þegar Olís gerðist styrktaraðili beinna sjónvarpsútsendinga frá heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu sagði Oliver. Það var óskað eftir sjálboðaliðum úr hópi starfsmanna til að taka þátt í þessu og ég var bara einn að fjölmörgum sem skráði mig á lista og var síðan valinn til að fara með aðalhlutverkið. En alls voru um 20 manns valdir til þátttöku í verkefninu. Söguþráðurinn í auglýsingunum fjallar um sterka liðsheild og góðan anda í liði þar sem ég er fyrirliði og hvet fólk til dæða.

Vinnan við myndatökurnar tók heila helgi og ég fékk handrit til að fara eftir en ég fékk líka aðeins að bregða á leik með textann. Sum atriði þurfti að taka upp mörgum sinnum og oft var löng bið á milli atriða sem reyndi oft á þolrifin í manni. En samt var andrúmsloftið fínt á tökustaðnum og mér fannst þessi vinnan afskaplega skemmtileg og svo var þetta líka góð lífsreynsla. Flestir vinir mínir og vanda menn tóku þessu uppátæki mínu vel og ég hef ekki heyrt annað en að fólki finnist þessar auglýsingar skemmtilegar og að þær hafi hitt í mark, sagði Oliver að lokum.



Sum atriði þurfti að taka upp mörgum sinnum og oft var löng bið á milli atriða sem reyndi oft á þolrifin í manni





Þátttakendur í vinnuhópi í málstofunni bera saman bækur sínar

Málstofur Starfsafls

Líflegar umræður og góðar undirtektir

Á haustdögum bauð Starfsafl fulltrúum fyrirtækja til málstofu, þar sem kynnt voru verkefni sjóðsins og möguleikar fyrirtækja til að

efla og styrkja mannauð sinn með samvinnu við Starfsafl.

Haldnar hafa verið tvær málstofur, sú fyrri var fyrir fyrirtæki í matvælaíðnaði og sú síðari fyrir fyrirtæki í þjónustu.

Markmið málstofunnar var ekki eingöngu að kynna Starfsafl og möguleika fyrirtækja, einnig var kannað viðhorf fulltrúa fyrirtækja til fræðslusjóðs og hvernig þátttakendur sjá fyrir sér framtíð sjóðsins.

Málstofan var fjölbreytt, þátttakendur tóku þátt í umræðum um fullyrðingar og/eða hugtök sem tengjast starfsmenntun — símenntun og spunnust mjög líflegar umræður um ýmis hugtök, s.s. hver er munur á símenntun og starfsmenntun? starfsmenntun er fyrst og fremst kostnaður fyrir fyrirtækin! símenntun starfsmanna snýst um skipulag og tíma frekar en fjármagn!

Þátttakendum var skipt í hópa og fengu verkefni að búa til stefnumótum í starfsmenntun fyrir fyrirtæki og síðan var fulltrúi frá hverjum hópi sem sagði frá niðurstöðum. Þannig gátu þátttakendur deilt reynslu og þekkingu sín á milli.

Undirtektir málstofunnar hafa verið mjög góðar og er gert ráð fyrir að halda fleiri á næstu mánuðum. Aldrei er góð vísa of oft kveðin og eru starfsmenn hvattir til að koma hugmyndum á framfæri til sinna fulltrúa, t.d. trúnaðarmanns eða næsta yfirmanns ef góð hugmynd fæðist er varðar námskeið sem gæti komið vinnustaðnum til góða. — Starfsafl er sjóður félagsmanna Eflingar sem og fyrirtækjanna.

TÖPUÐ RÉTTINDI

Vegna rangrar útfyllingar eyðublaðs í Fæðingarorlofssjóð



Mistök eða yfirsjón geta orðið við útfyllingu á umsóknareyðublaði um greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði hjá Tryggingarstofnun. Á blaðsíðu tvö er reitur þar sem óskað er eftir að umsækjandi merki sérstaklega við, ef hann fer fram á að greiðslur til stéttarfélags verði dregin af greiðslum.

Til þess að eiga rétt á greiðslum úr Sjúkran sjóðum og Starfsmenntasjóðum Eflingar-stéttarfélags þurfa félagsmenn að hafa verið greiðendur til félagsins samfelld síðastliðna 12 mánuði.

Vegna misskilnings margra félagsmanna vill það oft gleymast, með þeim afleiðingum að viðkomandi missir réttindi varðandi aðild að sjóðum félagsins.



Óskað er eftir að af greiðslum verði dregin stéttarfélgsgjöld

Nafn stéttarfélags

Stefnan tekin á ársfundi ASÍ

Fræðslumálin í brennidepli

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verður til.

Á ársfundi ASÍ dagana 31. okt -1. nóv. s.l. var farið yfir fyrirhugaðar breytingar á fræðsluviði MFA og undirstofnana þess. Breytingar þessar eiga við um MFA, félagsmálafræðsluna og Félagsmálaskóla alþýðu auk Mímis-Tómstundaskólans.

Unnið hefur verið að þessum breytingum í um rúmt ár þar sem margir undirbúningsfundir og vinnufundir hafa verið haldnir til að ná sátt um niðurstöðuna. Mikilvægi þess að stykja stoðir starfsmenntunar, þarfagreiningar, þróunarstarf og rannsóknir á sviði starfsmenntamála á vinnumarkaðnum hjá félögum innan ASÍ er augljós. Þess vegna hefur verið ákveðið að skipta þessum fræðslustofnunum upp í mun sjálfstæðari einingar.

Upp úr þessum breytingum mun verða til Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en megin grundvöllur hennar er fjármagn sem verður á fjárlögum til frambúðar til að tryggja þarfagreiningu, þróunarstarf, námsefnisgerð, og rannsóknir á þörfum einstakra starfsgreina fyrir starfsmenntun auk þess að leggja grunninn að öðru tækifæri til náms. Á vinnumarkaðnum eru rúm 40% launafólks sem aðeins hafa grunnskólamenntun að baki og er því mikilvægt að skapa þessum stóra hóp annað tækifæri til náms.

Hér er um mjög spennandi nýjungar að ræða sem stutt geta við starfsmenntasjóði stéttarfélaganna og því markmiði að þeir nái sem mestum árangri. Félagsmálaskóli alþýðu mun starfa í óbreyttu formi en undir starfsvettvangi ASÍ auk félagslegu fræðslunnar sem einnig mun halda sínum hlut en falla nær starfsemi ASÍ þar sem um forystufræðslu er að miklum hluta að ræða. Fjármagn til þessara fræðsluviða er annarsvegar tryggt á fjárlögum og hinsvegar með hlutfalli af iðgjöldum ASÍ.



Þrír kappar skeggræða um ASÍ - Jón Karlsson, Sauðárkróki, Sigurður Bessason, Eflingu og Hervar Gunnarsson, Akranesi

Mímir-Tómstundaskólinn mun verða í eigu ASÍ með sérstaka stjórn. Með þessu aukast tækifæri Mímis-Tómstundaskólans á markaðnum en einnig mun hann sinna starfsmenntámskeiðum eftir því sem hann semur um hverju sinni.

Til félagsmanna Eflingar stéttarfélags

10% afsláttur af öllum vörum

15-100% afsláttur
af lyfseðlum (sjúklingahluta).



**SKIPHOLTS
APÓTEK**

Skipholti 50b, 105 Reykjavík
Sími 551 7234, fax 551 6959

Fróðleiksmolar


Er orlof innifalið í launum þínum?

Það er óheimilt að greiða orlofið með launum.

Erfiðleikar hjá foreldrum þegar vetrarfrí er í grunnskólum

Fékk leyfi til að taka dóttur mína með í vinnuna

-segir Harpa Björk Viðarsdóttir



Harpa Björk með dóttur sinni

Að undanfögnu hefur verið mikil umræða í gangi um vetrarfrí í grunnskólum landsins og vandræði sem foreldrar yngri barna hafa lent í af þeim sökum. Til að forvitnast um viðbrögð við þessu hafði blaðið samband við Hörpu

Björk Viðarsdóttur sem vinnur við gangavörslu og ræstingar í Digranesskóla í Kópavogi. Hún býr ein með 7 ára dóttur sinni sem er í Langholtsskóla. Harpa Björk segir hér frá því hvernig vetrarfríð og foreldradagar snerta daglegt líf hennar.

Harpa Björk segir að vetrarfríð og foreldradagarnir hafi ekki fallið saman í tíma núna hjá þeim mæðgum. Ég hef engan sem ég get leitað til með þössun vegna þess að fólk er upptekið í vinnu. En þetta leystist þegar ég fékk leyfi hjá yfribodurinum til að taka dóttur mína með í vinnunna, segir hún.

En það eru ekki allir sem hafa aðstöðu til þess eins og maður hefur heyrt af samtölum við fólk að undanfögnu, segir hún. Sem betur fer finnst dóttur minni þetta svolítið spennandi og hún er ósköp þæg og góð. Hún er mikið á bókasafninu að skoða bækur og horfir á sjónvarp og svo hjálpar hún mér einstaka sinnum með störfin.

Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort skólarnir í Kópavogi og Reykjavík gætu ekki samræmt þessi frí þannig að þau væru á sama tíma og líka hvor ekki væri hægt að hafa dag-gæsluna í skólunum opna fyrir þá sem eru í mestu vandræðunum. Það gengur ekki að skólarnir skelli á lás í miðri viku til að hafa foreldradaga, fræðsludaga og aðra frídaga. Fræðslufirvöld verða að skoða þessi mál gaumgæfilega og finna heppilega lausn í framtíðinni sagði Harpa að lokum.



Gunnhildur Gróa stefnir á að ná félagsliðaréttindum á haustönn í Námsflokkum Reykjavíkur

Félagsliðar í ný störf á vinnumarkaði

Í síðustu kjarasamningum milli ríkis, hjúkrunarheimila, Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags var samið að viðurkennd skyldi ný menntun í störfum sem snúa að umönnun, heimaþjónustu og félagslegri umönnun. Nú á undanförnum misserum er þeim að fjölga sem útskrifast með formlega menntun sem leiðir til starfsheitisins félagsliði.

Ný námskrá var samín og eftir henni er nú kennt í Borgarholtsskóla og Námsflokkum Reykjavíkur. Tölverður fjöldi félagsmanna hefur valið að ná félagsliðastarfsheiti með því að stunda kvöldnám og safna sér einingum. Þeir sem það gera geta leitað til starfsmennta-sjóða Eflingar-stéttarfélags sem eru á sviði ríkis, hjúkrunarheimila og Reykjavíkurborgar

Þessa dagana er Félagsþjónustan í Reykjavík að undirbúa í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag og Námsflokka Reykjavíkur nám með vinnu þar sem starfsmenn Heimaþjónustu geta náð félagsliðastarfsheiti með því að taka þátt í námi einn dag í viku í fjórar annir. Þetta er kölluð brú fyrir þá starfsmenn sem unnið hafa hjá Félagsþjónustunni a.m.k. í 3 ár og vilja halda áfram í þessum störfum. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Árna Ragnari hjá Félagsþjónustunni eða Þórunni hjá Eflingu.

Fróðleiksmolar

Er trúnaðarmaður á
þínum vinnustað?

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!

ertu
viLLT(ur)?

Í Borgarvefsjóni er að finna nákvæma staðsetningu allra gatna og húsa í Reykjavík, sláðu bara inn heimilisfangið og leiðin er greið.

Það er ekkert gaman að vera viLLT(ur) ef maður er týnd(ur).



www.borgarvefsja.is



Efling-stéttarfélag er fjölþjóðlegt félag. Í dag eru félagsmenn frá 102 þjóðlöndum og lætur nærri að 15% félagsmanna séu með erlent ríkisfang. Fjölmennustu hóparnir eru frá Filippseyjum, Póllandi og Tælandi, þá eru félagsmenn frá Júgóslavíu, Litháen og Vietnam einnig fjölmennir (sjá mynd).


Efling hefur reynt að koma til móts við þessa erlendu félagsmenn með ýmsu móti. Í fréttablaðinu er birt yfirlit yfir réttindi hjá félaginu á erlendum tungumálum ásamt því sem starfsmenntasjóðir félagsins hafa veitt þessum félagsmönnum styrki til að læra íslensku. Þá hefur Efling - stéttarfélag verið í samstarfi við fyrirtæki og fræðsluaðila til þess að koma á sérniðnum íslenskunámskeiðum úti í fyrirtækjum og hjá félaginu.

Félagsmenn í Eflingnar - stéttarfélagi með erlent ríkisfang



Konur í meirihluta í Eflingu

Konur í Eflingu eru áberandi fleiri en karlar. Rúmlega 56% félagsmanna eru konur en rétt rúmlega 43% eru karlar.



Aldurskipting félagsmanna Eflingar- stéttarfélags

Ungt fólk í eflingu

- um helmingur félagsmanna undir þrítugu

Við aldursgreiningu á félagsmönnum Eflingar kemur í ljós að rúmlega 51% félagsmanna Eflingar eru undir þrítugu og tveir af hverjum þrem félagsmönnum er undir 40 ára aldri. Í aldurshópnum 41 - 50 ára eru rúmlega 14% félagsmanna en tæp 10% eru á milli 51 og 60 ára, félagsmenn yfir sextugt eru síðan rúm 8%.

Smelltu á www.efling.is

Landnemaskólinn

120 tíma nám fyrir erlenda félagsmenn

- Hnitmiðað menningartengt
íslenskunám



Frá útskrift Landnemaskólans í fyrra

Efling - stéttarfélag hefur nú í tvö ár staðið að svokölluðum Landnemaskóla fyrir erlenda félagsmenn. Landnemaskólinn er langt, menningartengt íslenskunám þar sem lögð er áhersla á að læra um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi ásamt því sem nemendur læra um íslenskar hefðir og menningu.

Landnemaskólinn hefur hingað til verið skipulagður sem 240 stunda nám sem hefur verið tekið í vinnutíma með samþykki frá viðkomandi vinnuveitanda. Nú í janúar verður bryddað uppá þeirri nýjung að skipta skólanum í tvær annir þar sem hvor önn er 120 stundir, fyrri önn hefst nú í janúarlok en síðari önnin verður kennd í haust. Með þessum breytingum mun kennslan hefjast síðar á daginn eða klukkan 16:00 í staðin fyrir kl 13:00, og ætti það að auðvelda fleirum að taka þátt í skólanum.

Engu að síður er nauðsynlegt fyrir þátttakendur að sækja um skólann í samráði við vinnuveitandur þar sem hluti tímans fellur innan hefðbundins vinnutímna. Stærstur hluti kostnaðar verður greiddur af starfsmenntasjóðum Eflingar og verða þátttakendagjöld í lágmarki.

Nánnar verður gerð grein fyrir skipulagi, efnispáttum og tímasetningum Landnemaskólans í janúarblaði Eflingar.



Námsflokkar Hafnarfjarðar

Miðstöð símenntunar

Vorönn 2003

Fjölbreytt og gagnlegt nám

Tungumál. Handverks- og listgreinar.

Nýbúafræðsla og íslenskunám.

Tölvunám - bókhald og rekstur.

Garðyrkjunámskeið.

Starfsnám og starfstengd námskeið.

Sérsmiðin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Námsaðstoð fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla.

Framhaldsskólanám-prófaáfangar í samvinnu

við Flensborgarskóla.

Innritun á vorönn 2003 fer fram 20.-23. janúar

kl. 13-19 á skrifstofu Námsflokka, Brekkugötu 2,

þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar.

Sími 585-5860.

Vefslóð: www.namsflokkar.hafnarfjordur.is



Þessi drengur, Allea, er tíu ára. Hann varð fyrir miklu sálrænu áfalli meðan á aðgerðum ísraelska hersins stóð og hefur unnið sleitulaust við að grafa í rústum hússins sem hann áður bjó í.

Porkell Þorkelsson ljósmyndari fór til Jenín og Karl Blöndal tók saman frásögn um atburðina í flóttamannabúðunum. Myndir frá ferð þeirra verða sýndar í Listasafni ASÍ.

Flóttamannabúðirnar í Jenín eru rjúkandi rúst eftir hernaðaraðgerðir Ísraela.

Íbúar flóttamannabúðanna líta svo á að þeir séu afskiptir og hafi litla ástæðu til að horfa með bjartsýni til framtíðarinnar. Þar er kveikiþráðurinn stuttur og tortryggnin nær ekki aðeins til Ísraela heldur einnig Yassers Arafats og liðsmanna hans.

Smelltu á www.efling.is

Fróðleiksmolar

Ertu að fá „jafnaðarlaun“ fyrir kvöldvinnu?

Hverju er verið að jafna saman ef eingöngu er unnið á kvöldin og um helgar?

Eru iðgjöld í skilum?

Hefur þú hringt eða farið í lífeyrissjóðinn þinn til að athuga það?

MFA hlaut starfsmenntaverðlaun

MFA var meðal þeirra sem hlutu starfsmenntaverðlaunin fyrir árið 2002. Verðlaunin eru veitt þeim aðilum sem þykja vinna framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi. MFA hlaut verðlaunin í flokki skóla og fræðsluaðila.

MFA hefur starfað mikið fyrir Eflingu-stéttarfélag á undanförunum árum og kom það ekki á óvart að sambandið skyldi hljóta þessi verðlaun þar sem starfsfólk MFA er þekkt fyrir vönduð vinnubrögð í öllu starfi og námskeiðahaldi.

Fréttablað Eflingar óskar starfsfólki MFA til hamingju með þessi glæsilegu verðlaun. Myndin er tekin þegar formaður MFA, Haukur Harðarson, tekur við verðlauninum af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni.



...og kroppurinn blómstrar

FRÍ HEIMSENDING
ef þú kaupir
fyrir 1500 kr
eða meira

VEITINGA & VÖRUHÚS

NINGS

Suðurlandsbraut 6 Reykjavík sími 588 9899 • Hlíðarsmára 12 Kópavogi sími 544 5222
Nýkaup, Kringlunni, sími 588 7171



Félagi Árne J. Jóhannsson

Þeir skammta okkur frelsi, þeir skammta okkur brauð

Það hefur verið og verður gæfa stéttarfélaga að hafa átt hvunnagshetjur sér til halds og trausts. Þær hetjur riðu ekki um héruð til að vega mann og annan, heldur stóðu þessar hetjur okkar vaktina í brúnni allt sitt líf frá blautu barnsbeini, minnandi allt og alla á að hvergi skyldi hopa frá kröfum um bætt kjör handa stríðandi verkalýð.

Svo hugleikið var vini okkar Árna Jóni að standa sig í sínu lífsverki að honum tókst að ýta hressilega við okkur eftir að hann var dáinn og farinn frá okkur. Með hjálp sinnar góðu fjölskyldu sem skipulagði útför hans svo vel. Það verður ógleymanleg stund, þegar allir stóðu upp og sungu hástöfum: "Sjá roðann í austri." Þannig kveðja hetjur.

Hann var Reykjavíkurbarn og unni sinni borg af heitu falslausu hjarta. Grettisgatan, Skuggahverfið, höfnin, það var sú slóð sem barnsfætur hans gengu og það umhverfi sem mótaði hans gerð. Reykjavík kreppuára og atvinnuleysis. Barn einstæðrar móður sem barðist fyrir sér og syninum og varð að taka alla þá vinnu sem mögulegt var að fá. Alla tíð minnst Árne móður sinnar sem hvergi hvikaði í sinni lífsbaráttu hjá sér þrátt fyrir fátækt og

basl. Hún var líka hetja og til hennar leit Árne með mestri virðingu. Þegar upphófust umræður um mikilmenni, menn sem höfðu haft mikil áhrif á sína samtíð eða breytt veraldarsögunni þá upphófst Árne með sinni sterku rödd og byrjaði þá ávallt á: "Móðir mín sem ól mig upp í fátæktinni." Þá vissu hans viðmælendur að þeim bæri að þegja og hlusta grannnt.

Þrumuræður, kryddaðar lífsreynslu

Árne var sögumaður góður og talaði skýrt og kjarnyr mál og flutti þrumuræður, kryddaðar lífsreynslu sinni. Það fór enginn fram að reykja á Dagsbrúnarfundum þegar Árne var í pontu. Það afrekuðu fáir félagsmenn. Hann var sjóhetja og greinilega kom fram í hans frásögnum að hann hafði siglt í heimsstyrjöldinni síðari lengur en aðrir menn. Í fundargerðabók Dagsbrúnar frá félagsfundi árið 1982 er vandlega bókað: "Árne J. Jóhannsson sem sigldi í 30 ár í heimsstyrjöldinni síðari, og hafa ekki aðrir okkur vitanlega sýnt meira úthald." Föst orðatiltæki og samlíkingar hans vöktu óskipta athygli. "Ég hef siglt frá Arkangelssk í austur til Los Angeles í vestur en hvergi séð aðra eins bifreiðaeign og á Grundarfirði" sagði Árne eitt skiptið úr ræðustól þegar hann hellti úr skálum reiði sinnar yfir kvótakerfinu og ságreifum. Hann hafði sterka og mikla rödd sem hann hafði óneitanlega gaman af að beita á fundum. Sagt var að hann hefði brotið bollapör og glös með raddstyrknum einum á fundi í Lindarbæ einu sinni þegar honum var mikið niðri fyrir. Það er nú reyndar lygi, hinsvegar hrundi lítill milliveggur og fannst ekki skýring á.

Árne var maður með skoðanir, skoðanir sem hann lá ekkert á, var hreinskiptinn og með tæra réttlætiskennnd. Hann hataði íhaldið eins og pestina og sagði að kaldur þungur hrammur þess hefði legið yfir fæðingarborg sinni og haldið fólki niðri eftir mætti. Sérstaklega þótti honum meirihluti Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn andstyggilegt fyrirbæri og allt sem gert var þar á bæ var meira en óþarft og andstætt framförum og góðum siðum. Sumar framkvæmdir þótti honum enn óþarfari en aðrar og þar minnumst við t.d. Perlunnar sem hann aldrei kallaði annað en "Kúlusukk" og Kringlan var "Musteri gróðapunganna" Síðar komu

Hann hataði íhaldið eins og pestina og sagði að kaldur þungur hrammur þess hefði legið yfir fæðingarborg sinni



Fróðleiksmolar

Frá 17. júlí 2002 er startgjald leigubíla kr. 400,- x 2,5. Starfsfólk á veitingahúsum sem fær greidda ferðapeninga fær í dag kr. 1000,- fyrir hverja ferð þegar áætlunarmagnar ganga ekki.



Dagsbrúnarfundur í Bióborginni í janúar 1993. Nafnið Bióborgin vandist aldrei. Það var bara kallað Austurbæjarbíó og í auglýsingum varð alltaf að setja það nafn í sviga.

til þættir sægreifa og kvótasölumanna og þá var notuð öll kynngi íslenskrar tungu til að lýsa þeim óþurftarmönnum sem þar að stóðu og standa.

Fyrst og síðast er Árna minnst sem Verkalýðssinna og öflugs félag. Hann lét sig ekki vanta á fundi eða þegar liðsinnis var þörf. Og kom reglulega á skrifstofu félagsins bæði til að láta í ljós ánægju sína með vel unnin verk eða rýna til gagns á það sem betur mátti fara. Þessi leiftrandi félagshyggja er fjöregg stéttarféлага.

Það er eftirsjá í þessum horfnum félögum með sterku, heitu hendurnar og lund sem átti bæði hörku og blíðu. Sagt var um suma þeirra að þá þeir gengu um snjóþakta jörð þá stóð krappvatn í fótsporunum. Þeir höfðu bjarndýrshita.

Greinin er skrifuð til minningar um Árna J. Jóhannsson (Fæddur 20. 07. 1919, dáinn 12. 04. 2002) og er eftir Hjálmfríði Þórðardóttur og Atla Gíslason.

Sjá roðann í austri

Sjá roðann í austri!- hann brýtur sér braut

Fram bræður!- Það dagar nú senn!

Þeir hæða vorn rétt til að rísa frá þraut,

vorn rétt til að lifa eins og menn.

Þeir skammta okkur frelsi;

þeir skammta okkur brauð,

Hvað skóp þeirra drottnandi auð?

U.P.Överby/Þorsteinn Gíslason

C.J. Rasmussen

Gleðileg jól

VISA UM ALLA FRAMTÍÐ



Óskum Eflingarfélögum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári





Háskóla Háskóla Íslands



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN
Þegar mest á reynst!

*Sendum félögum Eflingar-stéttarfélags og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári.*

Bíldnafélagið - Félag blikksmiða
Drifandi, stéttarfélag
Eining - Iðja
Falleg gölf ehf. Nesbala 25, Seltjarnarnesi
Farnanna- og fiskimannasamband Íslands
Félag leiðsögumanna
Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut, Reykjavík
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hringbraut 50, Reykjavík
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36, Njarðvík
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns, Hátúni 2a, Reykjavík
Höldur / Bílaleiga Akureyrar ehf. Skeifunni 9, Reykjavík
Hreint ehf. Auðbrekku 8, Kópavogi
Ísloft, Bíldshöfða 12, Reykjavík
Kólus ehf. Tunguhálsi 5, Reykjavík
Landssamband íslenskra verzlunarmanna
Landssamband lögreglumanna
Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hf. Markhellu 1, Hafnarfirði
Mjólkurfræðingafélag Íslands
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
Óttó B. Arnar ehf. Ármúla 29, Reykjavík
Reykjavíkurhöfn

Seltjarnarneskaupstaður
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Sjómannasamband Íslands
Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf.
Skjól, hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64, Reykjavík
Smur, bón- og dekkjaþjónustan s.f. Sætúni 4, Reykjavík
Verkaðsfélag Akraness
Verkaðsfélag Reyðarfjarðar
Verkaðsfélag Þórshafnar
Verkaðsfélag Vestfirðinga
Verkaðsfélagið Vaka, Siglufirði
Verkaðsfélagið Boðinn, Hveragerði
Verkaðsfélagið Hlíff, Hafnarfirði
Verkaðsfélagið Rangæingur, Helli
Verkaðsfélagið Valur, Búðardal
Verkstjórassamband Íslands
Verzlunarmannafélag Austurlands
Verzlunarmannafélag Hafnarfjarðar
Verzlunarmannafélag Suðurlands

Gönguferðir og útivist

Í vinsælum dagsferðum Eflingar



Tekist á við aflraunasteina í Eflingarferð á Djúpálónssandi

Efling-stéttarfélag bauð uppá tvær dagsferðir í sumarlok sú fyrri var farin 31. ágúst en hin síðari 7. september. Mjög mikil aðsókn var í þessar ferðir og fóru um 140 manns í fyrri ferðina en milli 80-90 í seinni ferðina. Farið var um Snæfellsnes fyrst sunnan megin og síðdegis lá leiðin norðan megin. Skipulag ferðana var með mjög svipuðu sniði en veður hafði tölverð áhrif

á hversu auðvelt var að hafa viðdvöl til skoðunarferða á leiðinni.

Í seinni ferðinni voru ferðalangar heppnari með veður en það gerði slagveðursrigningu eftir hádegi þann dag í fyrri ferðinni. Ferðalangar voru vel útbúnir og létu veðrið ekki hafa áhrif á sig og skelltu sér út á Búðum og á Arnarstapa til að skoða þessar náttúruperlur.

Á leið umhverfis jökul var áð við Dritvík og gengið um fjörurnar þar auk þess sem litið var inn í Hólahólana. Þaðan var ekið til Ólafsvíkur þar sem kaffiveitingar voru frambornar en eftir það var farið um Búlandshöfða til Grundarfjarðar og í Bjarnarhöfn þar sem Hildibrandur seldi hákarl og harðfisk og sagði fólki sögur. Þaðan lá leiðin um hina nýju Vatnaleið sem áður var um Kerlingarskarð og naut fólk þess að sjá þessa glæsilegu vegaframkvæmd sem væntanlega á eftir að bæta samgöngur til Stykkishólms og Grundarfjarðar sérstaklega að vetri til. Þaðan var ekið sem leið lá suður.

Seinni ferðin var eins að mestu leyti en þá var ágætis veður og því voru gönguferðir og útivist auðveldari fyrir ferðalangana.

Dagsferðirnar skipa orðið fastan sess í starfsemi Eflingar-stéttarfélag og verður því spennandi að sjá og heyra hvort farið verður næsta síðsumar.

Vasabókin 2003 að koma út

Vasabókin 2003 er að koma út. Allt frá stofnun Eflingar hefur félagsmönnum verið send vasabók með helstu upplýsingum um félagið og öðrum gagnlegum fróðleik. Vasabókin í ár er nú að verða tilbúin til prentunar og kemur út í desember. Hún verður væntanlega send til félagsmanna í desembermánuði.



Spennandi verður að heyra hvert farið verður næsta síðsumar



Framhald af blaðsíðu 20

Hér fylgja uppskriftir af réttum frá Elvari.

Forréttur

ANDALIFRAFRAUD

300 gr. Andalifur
2 egg heil
1 rauða
500gr. Rjómi
7 hvítlauksgeira
1 búnt steinselja

Hvítlaukurinn og steinselja í múlinex, egginn, rauðan og rjóminn hrært saman.

Lifrin sett í múlinex með hvítlauknum (passa) að hræra ekki mikið því lifrin má ekki hitna.

Öllu blandað saman og sigtað í gegnum fínt sigti, bakað í vatnsbaði við 12 gráður í 45 mín. (eftir hvaða form er notað)

Aðalréttur

OFNSTEIKT ÖND LA A PERLAN

Öndin er úrbeinuð og hreinsuð mjög vel, bringurnar eru kryddaðar með salti og pipar.

Skorið þvert í fituna, steikt á heitri pönnu og fitan látin snúa niður.

Steikist þar til fitan er orðin stökk. Steikt í ofni við 80 gráðu hita í 1 klst.

Andalærin þarf að sinadraga og fituhreinsa, brúna vel á heitri pönnu krydda með salti og pipar. Gott er að hægsteikja lærin í soði eða andafitu með kryddjurtum og grænmeti.

Steikið í ofni við 80 gráðu hita í 4 til 5 tíma.

Þetta er líka góð aðferð til að geyma lærin í eigin soði í 1 til 2 vikur.

Það er gott að laga sósu með önd úr beinum og hálsi með lauk, gulrætum sellerí og kryddjurtum sem eru vel brúnaðar í potti og soðið í vatni 3 til 4 tíma mjög rólega.

Nauðsynlegt er að fleyta soðið um leið og suðan kemur upp og svo öðru hvoru.

Sigtið soðið og þá er það tilbúið í sósugerð.

ANDASÓSA

2 stk shallotlauka fínsaxaða

200 gr. sveppi morel

50 gr. smjör

Steikt í potti, soðið látið saman við 2dl rjóma. Þykkt með smjörbollu og bragðbætt með andakrafti og pipar.

Eftirréttur

Súkkulaði soufflé

1 kg smjör

300 gr flórsykur (sigtaður)

500 gr hveiti (sigtað)

60 gr ancho chile pipar (mixað í piparkvörn)

1200 gr valróna 70 bitter súkkulaði

4 dl rjómi

1 ½ tesk Cayjennapipar

1. bræðið smjörið í potti, blandið Cayjennapipar og ancho pipar, steikið stutta stund
2. hveiti bætt við, steikið stutta stund
3. flórsykur steikt stutta stund
4. rjómi soðið stutta stund
5. takið af hitanum og látið kólna stutta stund
6. blandið við söxuðum valróna
7. þegar súkkulaðið er bræðið eru 30 þeyttum eggjahvítum bætt við
8. sett í bolla og fryst

Fróðleiksmolar

Uppsagnarfrestur

Við uppsögn úr starfi er mikilvægt að kanna hver uppsagnarfrestur er

Gleðilega hátíð

ISS Ísland óskar starfsfólki sínu, fjölskyldum þeirra og félagsmönnum Eflingar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum starfsmönnum vel unnin störf á árinu sem er að líða.

Fagmennska í áratugi
ISS Ísland er stærsta ræstingarfyrirtæki á landinu með 20 ára bakgrunn og er tengt alþjóðafyrirtækinu ISS sem starfar í 36 löndum.
ISS Ísland leggur áherslu á að veita starfsfólki fyrsta flokks vinnuaðstæður, þjálfun og besta búnað sem völ er á.

ISS ÍSLAND

Reykjavík: Ármúli 40, sími 5 800 600 - fax 5 800 666
Akureyri: Tryggvubraut 10, sími 460 6261 - fax 462 7842
Heimasíða: www.iss.is



Efling

Dúndurball laugardaginn 28. desember

Myndir frá jólaballi Eflingar í fyrra



Jólaball Eflingar verður haldið 28. desember að Versölum í Iðnaðarmannahúsinu Hallveigarstíg 1. Húsið verður opnað kl. 14:30 en skemmtunin hefst kl. 15.00 Þetta verður dúndurball með hljóðfæraslætti og söng, dansi, leikjum og góðum veitingum.

Vegna mikillar aðsóknar og reynslunnar frá síðasta jólaballi þykir okkur rétt að benda á að bílageymsla er rétt hjá Iðnaðarmannahúsinu. Ekið er inn í það frá Bergstaðastræti.

Miðasala verður frá og með þriðjudeginum 10. desember nk. á skrifstofu félagsins. Gott er að panta miðana tímanlega í síma 510-7500.

Miðaverð er:

600 kr. fyrir fullorðna

400 kr. fyrir börn.

Fróðleiksmolar

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafðu samband strax við félagið þegar fyrirvaralaus uppsögn á sér stað. Einnig ef þú telur að ekki sé rétt staðið að uppsögninni eða brotið á þér.

Starfsmat hjá Reykjavíkurborg

Seinkun á framkvæmd starfsmatskerfis

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir fundum með Eflingu-stéttarfélagi og Starfsmannafélagi Reykjavíkurbogar auk FÍT sem hafa í sínum samningum við Reykjavíkurborg samið um nýtt starfsmatskerfi sem metur störfen en ekki hæfni starfsmanns auk hæfnislaunakerfis sem annars vegar er tengt starfsaldri og virkri þátttöku í símenntun og hinsvegar hæfni starfsmanns sem nýtist í starfi sem metin er af forstöðumanni eftir fyrirframákveðnum matsreglum.

Möguleikar starfsfólks til hækkunar samkvæmt þessum hæfnislaunum eru alls 8 launaflokkar að frátöldum þeim hæfnisflokkum sem starfsfólk hefur þegar fengið sem geta verið allt að 3 launaflokkar.

Á þessum fundum sem haldnir hafa verið með Reykjavíkurborg hefur komið fram að seinkun sé á undirbúningsvinnunni við innleiðinu starfsmatskerfisins og hafa stéttarfélögin bent á að miklar vonir félagsmanna séu bundnar við hið nýja starfsmat og hæfnislaunakerfi. Félagin eru nú að ræða við Reykjavíkurborg um hvernig framvinda þessara mála verður og

mun það verða kynnt sérstaklega til starfsmanna sem vinna hjá Reykjavíkurborg.

Fróðleiksmolar

Ef þér er sagt upp störfum – hafðu samband strax!!!

Efling-stéttarfélag vill benda félagsmönnum sínum á að hringja til félagsins ef þeim er sagt upp störfum.

Uppsögn á alltaf að vera skrifleg og dagsett því annars er hætt á að fyrirtæki leiki þann leik að þræta fyrir að uppsögnin hafi átt sér stað.

Þannig geta tapast launakröfur.

Starfsmönnum er sagt upp munnlega en geta ekki sannað það að þeir eigi laun inni hjá fyrirtækinu.

Það er mjög áriðandi að starfsmenn hafi alltaf samband við félagið strax og uppsögn hefur átt sér stað.

Smelltu á www.efling.is

Námskeið Vinnueftirlitsins

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum


Fyrir öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði, trúnaðarmenn o.fl. — 2 eða 3 dagar.	Stjórn byggingakrana – Réttindanámskeið — 2 og 1/2 dagar.
Fyrir verkstjóra, deildarstjóra og aðra stjórnendur — 2 eða 3 dagar.	Námskeið um meðferð sprengiefna – Réttindanámskeið — 5 dagar.
Sérnámskeið að ósk þátttakenda — 1/2 eða 1 dagur.	Um flutning á hættulegum farmi - Grunnnámskeið – Réttindanámskeið fyrir bílstjóra — 3 dagar.
Vinnustaðafundur eða fyrirlestrar — 1-2 klst.	Viðbótarnámskeið við grunnnámskeið um flutning á hættulegum farmi - Réttindanámskeið: - Um flutning í tönkum — 2 dagar. - Um flutning á sprengifimum farmi — 1 dagur. - Um flutning á geislavirkum farmi — 1 dagur.
Um stjórn og meðferð lyftara og minni vinnuvéla – Réttindanámskeið — 2 dagar.	

**Leitið nánari upplýsinga um námskeiðin
hjá Vinnueftirlitinu, á heimasíðunni
eða í síma 550 4600.**



VINNUEFTIRLITIÐ

Bildshöfða 16 – 112 Reykjavík
Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is



Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætún 1 • 105 Reykjavík
Svar þarf að berast fyrir 15. desember nk.




Hlaut vinninginn í fyrsta sinn sem hún tók þátt

Dagný Karlsdóttir vinningshafi

Vinningshafinn í krossgátu síðasta blaðs er Dagný Karlsdóttir, ellilífeyrisþegi. Þetta er í fyrsta sinn sem hún sendir inn lausnina til þess að taka þátt. Heppnin getur verið með ef maður tekur þátt.

Lausn síðustu krossgátu



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda.
Fyrir bifhjól- létt bifhjól- og
almennt ökuþróf (B.réttindi).
Einnig kennsla fyrir ensku
og tailenskumælandi fólk !

Aukin ökuréttindi

Hægt að hefja nám alla miðvikudaga! (áfangakerfi).
Kennt á leigu- vöru- og hópbífreid
og vörubífreid með eftirvagn.
Frábærir og sérhæfðir kennarar
góðir kennslubílar, frábær kennsluaðstaða.
Námsgögn innifalin og verða eign nemenda.
Aukið við atvinnumöguleikana.
Lærið þar sem fagmennskan er í fyrrumi.
Athugið flest verkalyðsfélög styrkja
félagsmenn sína í námi til aukinna ökuréttinda,
þ.á.m. Efling - stéttarfélag.
Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567- 0300

E-mail: mjodd@bilprof.is

Á starfslokanámskeiði



Frá starfslokanámskeiði í Fræðslusetri Eflingar á 4. hæð í Sætúni 1



Gunnar Oddur Sigurðsson



segir Aðalheiður Finnbogadóttir

Það var hresst fólk sem blaðamaður Eflingarblaðsins hitti á námskeiði um starfslok í Fræðslumiðstöð Eflingar í Sætúni á dögnum. Rætt var við tvo þátttakendur á námskeiðinu, þau Gunnar Odd Sigurðsson og Aðalheiði Finnbogadóttir.

Bæði létt og skemmtilegt

segir Gunnar Oddur Sigurðsson (67). Hann hafði unnið á bensínstöð hjá Skeljungi en hætt fyrr á þessu ári vegna veikinda. Mér finnst þetta námskeið bæði létt og skemmtilegt og vel upp sett. Við höfum hlustað á heilmikin fróðleik um flókin mál eins og öll þessi tryggingarmál sem snerta okkur sem erum komin á eftirlaun. Ég var reyndar búinn að kynna mér þessi mál svolítið áður en ég kom hingað þannig að ekkert sem fram hefur komið á námskeiðinu ennþá hefur komið mér sérsklega á óvart en samt hef ég haft mikið gagn af þessu.

Margt sem kemur sér vel að vita

segir Aðalheiður Finnbogadóttir, hefur unnið við umönnun á Reykjalundi í 17 ár. Hún sagði að það væri létt yfir námskeiðinu þó að umræðuefnið væri háalvarlegt. Við höfum fengið upplýsingar um helstu réttindi okkar varðandi lífeyrissjóði, Tryggingastofnun og fleira sem kemur sér vel að vita þegar við verðum 67 ára.

1% eða 2,4% mótframlag frá atvinnurekanda! Hvort velur þú?

Í dag greiða launagreiðendur 1% í séreignarsjóð fyrir þá sem ekki hafa gert samning um séreignarsparnað. Ert þú einn af þeim? Ef svo er, átt þú samkvæmt kjarasamningum rétt á meiru eða allt að 2,4% mótframlagi frá launagreiðanda og ríki, ef þú greiðir sjálf/ur í séreignarsjóð.

Munurinn á 1% og 2,4% er mikill, sérstaklega þegar horft er til lengri tíma sbr. dæmið hér að neðan. Blái liturinn táknar mótframlögin en guli þitt eigið framlag.


Það sýnir sig best á þessari mynd að það borgar sig að taka þátt í sparnaðinum og ná þannig hámarks mótframlögunum sem búið er að semja um í kjarasamningum.

Lítum nánar á dæmið:

Setjum upp dæmi um mann, sem er með 100.000,- kr. laun og gerir ekki samning um séreignarsparnað, þá fær hann aðeins 1% eða 1.000,- kr. á mánuði frá launagreiðanda. Ef miðað er við 5% vexti, á þessi maður eftir 25 ára sparnað **588.236,-kr.**


Ef sami maður gerir hins vegar samning, greiðir sjálfur 4%, og fær þar með hámarks mótframlög 2,4%, hér 2.400,-kr. og miðað er við 5% vexti, á hann uppsafnað eftir 25 ár **3.748.701,-kr.**

Munurinn er rúmlega 3 milljónir!!



Ávinningurinn af því að greiða sjálfur er greinilegur!

Hugsaðu málið! ef þú ert þátttakandi og leggur aðeins til hliðar sjálf/ur nærðu hámarks mótframlögum. Ávinningurinn er eingöngu þér í hag!



Meira eða minna

Valið er þitt

Vissir þú að maður með 100.000 kr. í mánaðarlaun fær einungis 1.000 kr. framlag í séreignarsjóð ef hann hefur ekki samning og greiðir ekki sjálfur í séreignasparnað?

Sá sem hins vegar gerir samning og greiðir sjálfur 4% fær hámarksframlag atvinnu-rekanda og ríkis, í þessu tilviki 2.400 kr.

Hvort velur þú?



LÍFEYRISJÓÐURINN FRAMSÝN
Séreignarsjóður